



**Frjáls félagasamtök og þróunarsamvinna:**  
Sögulegt samhengi þriðja geirans og mikilvægi í samtímanum

Katrín Ingibergsdóttir

**Lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði**

**Félagsvísindasvið**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Frjáls félagasamtök og þróunarsamvinna:  
*Sögulegt samhengi þriðja geirans og mikilvægi í samtímanum***

Katrín Ingibergsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði

Leiðbeinandi: Kristín Loftsdóttir

Félags- og mannvísindadeild  
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands  
Júní 2011

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi réttihafa.

© Katrín Ingibergsdóttir 2011

Reykjavík, Ísland 2011

## Útdráttur

Frjálsum félagasamtökum hefur fjölgað mikið síðastliðin tuttugu ár. Uppgang þeirra á tíunda áratugnum má rekja til ýmissa samfélagslegra breytinga og eru þær að hluta til raktar í þessari ritgerð. Farið er í sögulegt samhengi þriðja geirans og þær breytingar á þjóðar- og stjórnskipulagi í heiminum sem ollu aukinni umræðu um þróun (e. development) og frjáls félagasamtök. Á seinnihluta tuttugustu aldarinnar breyttist orðræðan í samfélaginu mikið, hugtakið *vanþróað* var fyrst notað á opinberum vettvangi og bilið á milli þeirra fátæku og ríku breikkaði. Mannfræðingurinn Arturo Escobar hefur vakið athygli á því að hugtakið vanþróun sé mjög vestrænt hugtak og notað sem valdataeki vesturlanda yfir suðrinu.

Fjallað er um tilkomu þriðja geirans en þrátt fyrir að hann hafi alltaf verið til staðar var það ekki fyrr en á seinnihluta tuttugustu aldar sem hann var skilgreindur nánar, sérstaklega á sviði stefnumótunar. Samband frjálsra félagasamtaka við þjóðríkið er flókið og margþætt, en samtök þriðja geirans hafa mörg hver tekið við þeim skyldum sem áður lágu hjá ríkinu. Mannfræðilegt framlag til rannsókna á þriðja geiranum er í lágmarki. Mannfræðileg sýn á frjálsum félagasamtök gæti dýpkað rannsóknir á þeim enn frekar og glætt þriðja geirann nýju lífi.

[Lykilorð: Frjáls félagasamtök, þróunarsamvinna, þriðji geirinn, þróun, orðræða]

## **Abstract**

The proliferation of non-governmental organizations (e. NGOs) has grown considerably in the last twenty years. There are numerable sociological factors that explain the rise of NGOs in the 1990s and they are partly traced in this essay. The historical context of the third sector and the worldwide changes of the international system, that caused as well as increased discussion about development and NGOs, are explained. The sociological discourse changed considerably in the late twentieth century and the concept of *underdevelopment* was first used in public, while the gap between the poor and the rich grew. Anthropologist Arturo Escobar has attracted attention on the concept of underdevelopment as a western term and instrument of power of the north over the south.

The emergence of the concept *third sector* is discussed, although it has always been apparent in society. It wasn't until the late twentieth century that it was properly defined, especially concerning the analysis of public policy. The association between NGOs and the state is complicated and multiplex. Third sector organizations have now taken over many of the responsibilities that lay with the state before. Anthropological contribution to third sector research is relatively low and anthropological insight on NGOs might deepen third sector research even more.

[Keywords: NGOs, development cooperation, third sector, development, discourse]

## Efnisyfirlit

Inngangur.....	6
1. Þróunarsamvinna í sögulegu samhengi.....	9
1.1. Grunnurinn að þróunarhugtakinu lagður.....	11
1.2. Þróun kapítalisma.....	14
1.3. Breytt merking þróunarhugtaksins.....	17
2. Tilkoma þriðja geirans.....	19
2.1. Tilurð samtaka þriðja geirans.....	21
2.2. Tengsl við aðgerðastefnu.....	24
2.3. Samband við ríkið.....	25
2.4. Borgarasamfélagið.....	28
3. Mannfræðilegt framlag.....	30
3.1. Staða fræðanna.....	30
3.2. Mikilvægi mannfræðilegs sjónarhorns.....	32
Lokaorð.....	33
Heimildaskrá.....	36

## Inngangur

Umfang hins svokallaða þriðja geira (e. third sector) hefur aukist til muna síðastliðna áratugi. Fjölgun samtaka sem telja má til þriðja geirans hefur verið mikil og nær verksvið þeirra yfir marga og fjölbreytilega þætti samfélagsins. Segja má að með stofnun frjálsra félagasamtaka síðustu áratugi hafi þau svarað aukinni eftirspurn hins almenna borgara eftir nýjum vettvangi þar sem rödd hans fær að heyrast og er virt. Þessar þjóðfélagslegu breytingar haldast í hendur við aukna hnattvæðingu og flæði fjármagns og fólks um heiminn síðastliðin hundrað ár, sem hefur orðið meira en nokkurn tímann áður hefur þekkt. Einnig hefur sífellt minni áhersla verið lögð á velferðakerfið innan nýfrjálsbyggjulegrar hugmyndafræði sem hefur hrundið af stað stofnun frjálsra félagasamtaka (Ahmed og Potter 2006; Edelman og Haugerud 2005; Fisher 1997; Gardner og Lewis 1996; Murphy 2000).

Með þessum stórvægilegu breytingum hafa umsvif ríkis- og þjóðfélagslega tengdra mála aukist og sífellt meiri ábyrgð lögð á þjóðríkið. Þar sem ríkið hefur ekki getað staðið undir öllum þeim verkefnum sem ætlast er til af því og ekki getað sinnt ýmsum félagslegum málefnum hefur þriðji geirinn stækkað ört og hann tekið við mörgum af þeim skyldum sem áður voru hjá ríkinu og stjórnvöldum (Fisher 1997: 440).

Almenningur hefur þar fundið sér nýjan vettvang þar sem traust þeirra á ríkið minnkaði. Margir fóru að leita á önnur mið og þar með fjölgaði frjálsum félagssamtökum og vald þeirra í samfélaginu varð meira (Steinunn Hrafnadóttir 2006: 45; Lewis 2007: 41; Leve og Karim 2001: 53). Samtök innan hans eru orðin fleiri en nokkru sinni fyrr, starfsemin flóknari og vald og ítök þeirra meiri (Lewis 2007: 7; Steinunn Hrafnadóttir 2006: 45-46). Málefni þess eru margvísleg, allt frá því að vinna staðbundið innan ákveðins svæðis til stórra fjölþjóðlegra samtaka með margvíslegar áherslur (Fisher 1997: 447; Leve og Karim 2001: 53; Lewis 2007).

Í þessari ritgerð hyggst ég skoða tilkomu frjálsra félagasamtaka í sögulegu samhengi og tengsl þeirra við ríkið. Í hröðum heimi nútímans þar sem tækniframfarir valda því að heimurinn virðist sífellt minni en áður tel ég áhugavert að skoða hvernig samtök þriðja geirans falla að núverandi þjóðskipulag og hvernig þau vinna með öðrum geirum þjóðfélagsins. Þriðji geirinn og þar með frjáls félagasamtök urðu meira áberandi á seinni hluta tuttugustu aldarinnar og umsvif þeirra jukust, ekki síst á sviði þróunarmála (Lewis 2007: 38). Þá langar mig að fjalla um hvernig hugtakið þróun (e. development) kom fram og hvernig skilningur manna á því hefur breyst og hugtakið misst marks

síðastliðna áratugi. Hugtakið *vanþróun* (e. underdevelopment) í umræðum um þriðja heiminn og þróunarsamvinnu varð ekki hluti af alþjóðlegri orðræðu fyrr en á seinnihluta tuttugustu aldar og breyttust hugmyndir manna um þróunarsamvinnu mikið í kjölfarið (Escobar 1995: 3-4). Fjárframlag til þróunaraðstoðar jókst umtalsvert en eftir nokkra áratugi og litlar sjáanlegar efnahags- og samfélagslegar endurbætur misstu menn trú á kostum þróunaraðstoðar (Lewis 2007). Tengja má þessa vantrú manna við uppgang nýfrjálshyggju og kapítalískra stjórnarháttanna í heiminum (ibid: 75).

Líkt og marxískir fræðimenn benda á felur hið kapítalíska kerfi og nýfrjálshyggja, sem varð ríkjandi stjórnkerfi víða á Vesturlöndum á tuttugustu öldinni, í sér ójafna skiptingu auðmagns sem gerir það að verkum að fátækt og ójafnrétti er víða að finna í samfélaginu (Lyon-Callo og Hyatt 2003: 177-178). Stofnanir og fjölþjóðleg fyrirtæki eru orðin mun valdameiri nú en áður hefur þekkt og almenn valddreifing í samfélaginu ójöfn (Freeman 2002: 151). Alþjóðasamfélagið hefur brugðist við þessum breytingum og með því hefur umfang og vald þriðja geirans stækkað (Steinunn Hrafnadóttir 2006: 45).

Michel Foucault hefur mikið fjallað um vald. Hann segir að félagsleg tengsl á milli fólks einkennist af yfirráði og undirokun. Yfirstéttin stjórnir hugmyndafræðilegri orðræðu yfir valdaminni stéttum og skilgreinir þá þekkingu og sannleika sem viðgengst í samfélaginu (McGee og Warms 2008: 533). Marxistinn Antonio Gramsci taldi yfirstéttina hafa hugmyndafræðilegt forráði (e. hegemony) yfir almenningi (McGee og Warms 2008: 565). Áður fyrr var sagt að ríkið væri eini handhafi stjórnlistar (e. governmentality) í samfélaginu en í kjölfar aukins uppgangs frjálsra félagasamtaka má segja að þau noti ákveðna valdbeitingu í starfsemi sinni (Peterson 2001: 78).

Uppruni og hugmyndafræði frjálsra félagasamtaka má rekja aftur um nokkrar aldir, þó svo að sú skilgreining þriðja geirans sem við þekkjum í dag hafi ekki komið fram fyrr en seinnihluta tuttugustu aldarinnar. Staðbundin samtök innan þriðja geirans hafa lengi verið til en þau voru þá nánast hundsúð af ríkinu sjálfu, sem og öðrum félagslegum gerendum. Upprunalega voru þau oftast ekki af trúarlegum toga, sérstaklega á nýlendutímanum (Lewis 2007: 38, 69).

Mismunandi er á hvaða hátt fræðimenn skilgreina samtök þriðja geirans og í hvaða samhengi það er gert. Uppruni og hugmyndafræði frjálsra félagasamtaka má rekja aftur um nokkrar aldir, þó svo að sú skilgreining þriðja geirans sem við þekkjum í dag hafi ekki komið fram fyrr en seinnihluta tuttugustu aldarinnar. Staðbundin samtök innan



þriðja geirans hafa lengi verið til en þau voru þá nánast hundsúð af ríkinu sjálfu, sem og öðrum félagslegum gerendum (Lewis 2007: 38, 69). Það sem allar skilgreiningarnar eiga þó sameiginlegt er tilraun til þess að lýsa samtökum sem hvorki tilheyra opinbera geiranum né einkageiranum (Steinunn Hrafnisdóttir 2006: 46). Sú merking sem lögð er í hugtakið frjáls félagasamtök er einnig ávallt menningarbundin, háð persónulegri skoðun fræðimannsins sjálfs sem skilgreinir þau og viðtekinni venju í hverju landi (Lewis 2007: 4, 43).

Í þessari ritgerð mun ég tala jafnt um þriðja geirann sem og um frjáls félagasamtök, en ég hef rekið mig á nokkrar hindranir í nánari skilgreiningu minni á þeim og útlitunum frá enskum textum. Hér mun ég setja jafnaðarmerki á milli samtaka þriðja geirans og frjálsra félagasamtaka og skilgreini ég þau sem einn og sama hlutinn. Enska tungan býður upp á mun fjölbreyttari flóru hugtaka sem að hluta til vísa í skilgreiningar og merkingu á þeim. Íslenska tungan býður mér ekki upp á fullnægjandi þýðingu á hugtakinu *NGO*, en þó ég kjósi að nota hér hugtakið *frjáls félagasamtök* í því samhengi mun ég tala um þau jafnhliða samtökum þriðja geirans.

Ritgerðin þessi er í þremur köflum. Í fyrsta kaflanum mun ég fjalla um þróunarsamvinnu og frjáls félagasamtök í sögulegu samhengi. Þá tala ég um þróunarhugtakið og tilkomu þess í alþjóðasamfélaginu, allt frá tímum lénsskipulagsins. Rekja má upphaf hugmynda manna um þróun aftur til breytinga á þjóðarskipulagi þess tíma (Gardner og Lewis 1996: 3-4). Þá mun ég fjalla um mótun þróunarhugtaksins og áhrif upplýsingatímans, nýlendustefnunnar og þróunarhyggju á skynjun manna á hugmyndir um þróun og þróunarsamvinnu. Framvinda kapítalisma í heiminum allt frá sextándu öld hafði sömuleiðis mikil áhrif á þróunarhugtakið og þann kapítalíska heim sem við þekkjum í dag (Larrain 1989). Framleiðsluhættir breyttust og hinn frjálsi markaður fékk sífellt meira vægi (Durrenberger og Erem 2007: 91-92). Í kjölfar aukinnar hnattvæðingar og flæði fólks, hluta og hugmynda um heiminn fjölgaði frjálsum félagasamtökum (Lewis 2007: 38). Þá mun ég fjalla um þær breytingar sem hafa átt sér stað á orðræðunni í samfélaginu um þróun á seinnihluta tuttugustu aldarinnar. Mannfræðingurinn Arturo Escobar hefur mikið fjallað um vanþróun sem valdataeki vestrænna ríkja yfir suðrinu. Þau hafa þá skapað þessa hugmyndafræðilegu orðræðu til þess eins að réttlæta yfirráð sín yfir þriðja heiminum (Escobar 1995). Sömuleiðis tala ég um hugmyndafræðilegt forræði og stjórnlist í því sambandi.

Í öðrum kaflanum tala ég um tilurð samtaka þriðja geirans. Þar mun ég rekja helstu ástæður þess að frjálsum félagasamtökum fjölgaði gífurlega í heiminum á seinni hluta tuttugustu aldar. Hnattvæðing, aukin áhersla á nýfrjálshyggju og aðgerðastefna hafði mikil áhrif á uppgang þriðja geirans (Della Porta og Diani 2006; Leve og Karim 2001; Lewis 2007). Þá mun ég ræða um aukna þörf alþjóðasamfélagsins til þess að skilgreina samtök þriðja geirans nánar og þá ekki síst á sviði stefnumótunar (Lewis 2007: 67-69). Sambandi frjálsra félagasamtaka við þjóðríkið verður svo gert nánari skil en tengslin á milli fyrsta og þriðja geirans geta verið flókin og margþætt (Ahmed og Potter 2006; Clarke 1998; Fisher 1997; Rudasill 2006). Því næst fjalla ég um borgarasamfélagið, en segja má að þriðji geirinn og félagshreyfingar séu hluti af borgarasamfélaginu. Þar vinna allir að sameiginlegu markmiði en þó aðgreint frá ríkinu (Bratton 1994: 2; Chazan 1992: 281; Lewis 2007: 53-54).

Í þriðja kaflanum mun ég lýsa mannfræðilegu framlagi til rannsókna á þriðja geiranum. Það hefur hingað til verið að skorum skammti, en það vekur furðu vegna þess hversu náið þeir hafa oft unnið með frjálsum félagasamtökum (Markowitz 2001: 40). Ég mun rekja helstu ástæður þess að mannfræðingar hafi ekki einbeitt sér nánar að þriðja geiranum, samhengi hans og heildrænni starfsemi. Að hluta til má rekja þá ástæðu til stöðu fræðanna á þeim tíma sem uppgangur frjálsra félagasamtaka var hve mestur og aðrar fræðigreinar að rannsaka þriðja geirann (Gardner og Lewis 1996: 24; McGee og Warms 2008: 536). Þá mun ég lýsa kostum mannfræðilegrar sýnar við rannsóknir á þriðja geiranum. Mannfræðingurinn David Lewis (1999) leggur áherslu á nytsemi heildrænnar sýnar mannfræðinnar og sérstakra nálgana fagsins, bæði kenningarlega og aðferðafræðilega. Mannfræðileg sýn getur glætt mögulegar rannsóknir á þriðja geiranum enn meira lífi.

## **1. Þróunarsamvinna í sögulegu samhengi**

Umræður um hnattvæðing hafa verið áhrifamiklar og áberandi í heimsdeigluinni síðustu öldina. Kostir hennar og gallar, vonir og vonbrigði, hafa verið rædd í þaula og allir virðast hafa mismunandi skoðanir á málefninu. Líkt og Brian K. Murphy (2000: 333) bendir á í grein sinni *International NGOs and the Challenge of Modernity* þá hafa stjórnvöld í auknum mæli einblínt á auðmagn og efnahag á kostnað smærri samfélaga og framleiðslueininga. Meiri áhersla er þá lögð á stærri samfélög og jaðarhópar líða

fyrir það. Þessi hugmyndafræði, undir áhrifum nýfrjálshyggju með áherslu á hinn frjálsta markað og takmörkuð, ef einhver, ríkisafskipti hefur verið ríkjandi hjá stjórnvöldum margra heimsríkja í meira en tuttugu ár. Sú þróun hefur ýtt undir stofnun frjálstra félagasamtaka, en þeim fjölgaði til dæmis gríðarlega á tíunda áratugnum (Lewis 2007: 38). Murphy (2000: 333) nefnir það sömuleiðis í grein sinni að ein helstu áhrif hnattvæðingarinnar séu þau staðbundnu áhrif sem félagsleg og pólitísk átök á alþjóðlegum skala hafa og sú samstaða sem myndast í kjölfarið. Staðbundin samtök þriðja geirans eru gott dæmi um þá alþjóðlegu samstöðu.

Nýfrjálshyggja sem hugmyndakerfi byggt á kapítalískum stoðum og lofar hinn frjálsta markað sem aðal úrræðið við öllum félagslegum, jafnt sem efnahagslegum vandamálum varð ríkjandi víðast hvar í heiminum á níunda og tíunda áratugnum (Edelman og Haugerud 2005: 3; Gill 2000: 14). Fall Berlínarmúrsins árið 1989 og endalok kalda stríðsins og Sovétríkjanna tveimur árum síðar, og þar með hugmyndafræðilegri skiptingu heimsins í *vestur* og *austur*, örvaði mjög útbreiðslu nýfrjálshyggju og líkt og slóvenski heimsspekingurinn Slavoj Zizek (2009: 3) benti á þá markaði það upphaf „hins lukkulega tíunda áratugar“ (e. the happy 90's). Frjálshyggjan og lýðræðið hafði unnið kommúnismann og nýfrjálshyggjan náði yfirhöndinni. Samkvæmt Mark Fisher (2009: 2) má segja að kapítalisminn og nýfrjálshyggjan séu kerfi sem orðin séu svo samgróin okkur að erfitt er að ímynda sér heiminn án hans. Þetta hugmyndakerfi er búið að festa rætur í nútímasamfélagi og líkt og Zizek sagði, er auðveldara að ímynda sér heimsendi en endalok kapítalismans (sjá umræðu í *ibid* um hugmyndir Slavoj Zizek).

Í kjölfar ráðstefnu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (e. World Trade Organization, WTO) í Seattle í Bandaríkjunum árið 1999 virtist þó nýfrjálshyggjan standa ótraustari fótum en áður (Della Porta og Diani 2006: vii). Aðildarlönd komust ekki að samkomulagi og mörg þróunarlönd neituðu að samþykkja yfirstandandi sáttmála þar sem þeim fannst Bandaríkin og hinar evrópsku þjóðir vera að traðka á réttindum sínum og auðlindum. Mikil mótmæli brutust út í kringum ráðstefnuna og efuðust margir um ríkjandi hugmyndakerfi nýfrjálshyggjunnar og mótmæltu ójafnri skiptingu auðlinda í heiminum. Allt í einu fór nýfrjálshyggjan frá því að virðast vera eina lausnin við þróunaraðstoð yfir í umdeildan möguleika og mótmælendur kröfðu WTO að leita annarra leiða (*ibid*; Prakash 2002: 514).

Félagsfræðingarnir Donatella Della Porta og Mario Diani hafa mikið skoðað eðli og framvindu félagshreyfinga og fjalla um þær í bók sinni *Social Movements: An Introduction* (2006). Þau álíta svo að í kjölfar mótmælanna í Seattle hafi myndast ný hnattræn hreyfing sem berst fyrir breytingum og að and-kaþalískum (e. anti-capitalist) og and-hnattvæðislegum (e. anti-globalization) félagshreyfingum hafi fjölgað mikið. Bókin kom út aðeins tveim árum fyrir bankahrun og fjármálakreppu í heiminum árið 2008 og segja má að hún hafi fengið marga til þess að hugsa út fyrir ramma nýfrjálshyggjunnar. Mótmæli aðgerðasinna og ádeilur á alþjóðlegar stofnanir á borð við Alþjóðaviðskiptastofnunina, Alþjóðabankann (e. World Bank) og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (e. International Monetary Fund) hafa veitt mörgum félagshreyfingum innblástur og geta hjálpað til við að auka skilning á hnattrænum ferlum, þróun og félagslegum breytingum. Marc Edelman og Angelique Haugerud benda á að mannfræði sem fræðigreini geti lagt margt af mörkunum við þessar ádeilur, sem og til þess að skilja gangverk samtaka þriðja geirans betur (Edelman og Haugerud 2005: 22).

### **1.1. Grunnurinn að þróunarhugtakinu lagður**

Til þess að skilja almennilega þriðja geirann, tilgang hans og starfsemi í dag er mikilvægt að skoða tilkomu hans vel. Margir fræðimenn leggja áherslu á sögulegt samhengi við skoðun á framvindu þróunarsamvinnu í heiminum og er þá nauðsynlegt að leita aftur um nokkrar aldir, en ekki einblína einungis á þær félagslegu umbreytingar sem hafa átt sér stað síðastliðna öld. Þó svo að þær hafi vissulega mótað heim þróunaraðstoðar og þriðja geirann eins og við þekkjum hann í dag má rekja tilurð þeirra mun fyrr (Escobar 1995; Kristín Loftsdóttir 2008; Rist 1997). Líkt og Kristín Loftsdóttir leggur áherslu á er sú hugmynd sem við höfum í dag um þróunaraðstoð söguleg afurð sem ávallt ber að skoða í pólitísku, hugmyndafræðilegu og sögulegu samhengi (2008: 495).

Rekja má upphaf hugmynda manna um þróun (e. development) aftur um nokkrar aldir. Þó svo að félagslegar breytingar hafi stöðugt átt sér stað í gegnum mannkynssöguna hafa menn ekki alltaf verið meðvitaðir um framfarir og kaþalískar hugmyndir um samkeppni (Gardner og Lewis 1996: 3-4). Fræðimenn eiga það til að einblína um of á tuttugustu öldina sem áhrifavald í þróunarsamvinnu, en djúpar

umbreytingar hafa átt sér stað í alþjóðasamfélaginu síðastliðnar aldir sem nauðsynlegt er að gera grein fyrir svo hægt sé að skilja tilkomu og grundvöll þróunarhugtaksins.

Eftir að hafa staðið völtum fótum í nokkrar aldir leið lénsskipulagið sem ríkjandi stjórnskipulag í Evrópu undir lok á sextánda öld. Lénsskipulagið varð útbreitt bæði í Evrópu, sem og í Austurlöndum fjær, eftir fall Rómaveldis á fimmtu öld. Segja má að lénsskipulagið hafi verið einhvers konar sáttmáli á milli höfðingja, en á miðöldum skiptu lénsherrarnir og kirkjan með sér öllu landi. Konungur eða aðalsmaður lét þá stuðningsmenn sína fá land fyrir vel unnin störf en lénsmennirnir urðu í staðinn að berjast fyrir lénsherra sinn í stríði og sjá um að innheimta skatta innan viðkomandi landsvæðis í hans stað. Bændurnir sjálfir áttu þá ekki jörðina sem þeir ræktuðu heldur fengu einungis afnot af henni í staðinn fyrir þá þjónustu sem þeir veittu lénsherrum sínum. Afnáam lénsskipulagsins hafði hvarvetna afdrifaríkar afleiðingar í för með sér. Peningar komust í auknum mæli í umferð og kusu bændur þá frekar að borga leigu fyrir afnot af jörðinni heldur en að þjónusta stöðugt lénsherra sína. Lénsherrarnir urðu smám saman valdaminni og stjórnskipulagið breyttist (Durrenberger og Erem 2007: 104-105, 112; Edelman og Haugerud: 13; Wallerstein 1974: 33). Yfirvaldið hafði áður fyrir verið mjög sjáanlegt í samfélaginu og almenningur sífellt minntur á það í formi óhóflegra bygginga, í málverkum af konungfólkinu sjálfu, klæðnaði þeirra, framkomu og háttarlagi. Með afnámi lénsskipulagssins varð yfirvaldið hins vegar ósýnilegra og birtingarmynd valdsins sömuleiðis (Graeber 2001: 95). Þessir tímar einkenndust af róttækum þjóðfélagslegum breytingum þar sem hið félagslega, sem og hið pólitíska umhverfi samfélagsins breyttist gífurlega.

Samhliða gekk tími upplýsingarinnar í garð sem segja má að hafi verið ríkjandi heimsmynd þar til undir lok tuttugustu aldarinnar (Gardner og Lewis 1996: 4). Tími upplýsingarinnar bar í för með sér aukna áherslu á skynsemi og vildu menn leita orsaka þess af hverju hlutirnir væru eins og þeir væru. Þetta hélt í hendur við framfarir innan tækni og vísinda og þorsta manna á þekkingu og skilningi á umhverfi sínu. Rökrétt og vitsmunaleg þekking byggð á vísindalegum grunni var metin öllu ofar og nýjar hugmyndir meðal manna um stjórnvaldið, frelsi einstaklingsins og trúmál skutu upp kollinum. Yfirvaldi ríkisins og kenningaramma kirkjunnar var ögrað og leituðu menn sannleikans innan vísindanna (Barnard 2000: 16,18; Crocker 1990: 468). Gagnstæð orðtök eins og frumstæður og siðmenntaður og náttúra og menning voru sett fram og segja má að sú tvískipting hafi lagt grunninn að muninum á milli þróunar og vanþróunar

sem átti eftir að setja svip sinn á hugsunarhátt þróunarhyggjumanna og nýlenduherra seinna meir (Gardner og Lewis 1996: 4).

Tímamótaverk náttúrufræðingsins Charles Darwin *Origin of Species* kom út árið 1859 og átti eftir að hafa mikil áhrif á bæði fræðiheiminn í heild sinni, sem og á almenning. Menn leituðu í auknum mæli á náðir vísindanna í stað kirkjunnar og veitti bók Darwins mörgum þróunarhyggjumönnum innblástur að kenningum um félagslega þróun mannsins. Tími upplýsingarinnar var í blóma og hugmyndir manna um þróun voru að skjóta upp kollinum. 34 árum eftir að þróunarkenning Darwins leit dagsins ljós í áður nefndri bók hans gaf félagsfræðingurinn Émile Durkheim út bók um samanburð á milli frumstæðra og nútímalegra samfélaga. Hún skildi sömuleiðis eftir sín spor innan fræðiheimsins þar sem menn gerðu ráð fyrir því að ef allar lífverur hefðu þróast frá einum sameiginlegum forföður hlyti það sama að eiga við um menningu og samfélög (ibid: 4-5).

Á þessum tíma braust þróunarhyggjan fram á sjónarsviðið sem góð aðferð til þess að flokka og skilgreina heiminn þar sem menn leituðu annað en á náðir kirkjunnar og Biblíunnar um útskýringu á þróun mannsins (Barnard 2000: 15-16; Claessen 1996: 213; McGee og Warms 2008: 5). Hugmyndir um þróun voru áberandi í Evrópu allt frá miðri nítjándu öld, þó svo að það hafi ekki verið fyrir en um öld síðar sem hugtakið *vanþróun* kom upp. Þær byggðu á arfleidd upplýsingarinnar og hugmyndum Evrópumanna um að lykilatriðið að vellíðan væru framfarir, sú trú hafði verið ríkjandi allt frá því á átjándu öld (Kristín Loftsdóttir 2008: 488, Rist 1997: 6; jur Ólafsson 1998: 103). Evrópubúar trúðu því að menn og samfélög gengju í gegnum stig framfara, frá einföldum samfélögum til flókinnna, frá hinu lakara til hins betra. Eftir útbreiðslu þróunarkenningar Darwin var þjóðfélögum svo raðað á línulegan skala, frá hinu einfaldara til hins flóknara (ibid 1998). Þá voru evrópsk samfélög talin vera hve flóknusta samfélagsgerðin og væru þannig þróuðust af öllum. Tækniframfarir voru miklar á þeim tíma og var það talið bera vitni um yfirburði þeirra (Kristín Loftsdóttir 2008: 180).

Félagsvísindamennirnir Karl Marx og Friedrich Engels voru forystumenn marxisma og sömuleiðis þróunarsinnar. Bæði þróunarhyggjumaðurinn Lewis Henry Morgan og Charles Darwin höfðu mikil áhrif á hugmyndir Marx og Engels hvað varðar óhjákvæmilega þróun samfélagsins og sáu þeir baráttu, ágreining á milli stétta og togstreitu alls staðar í samfélaginu. Þeir töldu félagslegar breytingar vera til komnar vegna baráttu á milli stétta og að þeir félagslega hæfustu myndu sigra að lokum

(Haraldur Ólafsson 1998: 102-103). Marx var mjög umhugað um hið kapítalíska samfélag sem var í örri þróun á þessum tíma og eyddi miklum tíma í að reyna að skilja það. Hann hélt því fram að samfélög breyttust og þróuðust með tilliti til framleiðsluhátta þess og að öll gengju þau í gegnum sömu stig á þróunarferli sínum. Þegar lokastiginu á skalanum væri náð, þegar hið kapítalíska kerfi væri fullþróað, þá myndi kerfið hrynja og næsta stig taka við sem væri sósíalismi (Gardner og Lewis 1996: 5).

Þróunarhyggjan hafði mikil áhrif á evrópskan almenning og bar í för með sé nýja heimssýn fyrir Evrópubúa. Nýlendu- og heimsvaldastefnan hafði verið ríkjandi í nokkrar aldir, eða allt frá því að Portúgalar hófu að sigla meðfram strönd Afríku á fimmtánda öld (Edelman og Haugerud 2005: 11; Emerson 1968: 2) og ýtti þróunarhyggjan enn meira undir kapphlaup Evrópubúa um heiminn. Menn fóru að sigla yfir höfin og skoða lönd og samfélög sem þeim þóttu framandi. Orðræðan á tímum nýlendustefnunnar í kringum aldarmótin 1900 var sömuleiðis mjög lituð af hugmyndum um framfarir og þróunarhyggju. Þá voru þeir innfæddu, eða frumbyggjar viðkomandi nýlendna, áleitnir barnalegir og vanþróaðir á meðan nýlenduherarnir voru skynsamir og vitsmunalega þróaðir (Gardner og Lewis 1996: 5). Hinn vestræni maður vildi koma hugmyndum sínum og tækni á framfæri, mennta þá innfæddu og innræta þeim vestræn gildi, trúskoðanir og stjórnmalakerfi. Evrópubúum fannst þeim bera kristileg skylda til þess að siðvæða íbúa nýlendanna sinna. Heimsvaldastefnan gekk þá út á það að auka vöruskipti og dreifingu ýmiss varnings á milli landa og samfélaga. Evrópubúar ágirntust auðlindir frumbyggjanna eða landsvæði til þess eins að styrkja sjálfan sig út á við sem þjóð, sem og til þess að auka völd sín gagnvart öðrum (ibid; Barringer og Flynn 1998: 3; Kristín Loftsdóttir 2008: 489).

## 1.2. Þróun kapítalísma

Nýlendustefnan opnaði dyrnar fyrir framförum og uppgangi kapítalsmans sem tók að blómstra á tímum upplýsingarinnar á sextánda öld, líkt og Karl Marx (1847) benti á í bók sinni *The Poverty of Philosophy*. Innflutningur á eðalmálmum til Evrópu stórkjóst í kjölfar uppgötvun Ameríku á fimmtánda öld og styrkti það fyrirliggjandi auðmagn sem notað var í ört vaxandi framleiðsluþæðinn (sjá umræðu í Larrain 1989: 45; Praver og Eisenstadt 1968: 393). Framleiðsluhættir í anda kapítalísma tóku að þróast í Vestur-Evrópu á sextánda öld en kapítalísminn varð ekki ríkjandi sem efnahagslegt- og stjórnarfarslegt kerfi á sviði iðnaðar fyrr en undir lok átjándu aldar á Englandi og

breiddist þaðan út um heiminn (Durrenberger og Erem 2007: 104-105; Hoover 1968: 294). Framleiðslan miðaðist við að ná hámarksgróða þar sem markaðurinn var miðlægur og gefinn frjálts við meðhöndlun á þjónustu, fjármagni, vinnuafli og vöru. Allt er hlutgert og litið á sem vöru sem gengur kaupum og sölum (Wilk og Cliggett 2007: 6).

Þó svo að framleiðsluhættir kapítalisma hafi tekist að þróast á sextánda öld var hægt að finna grunn þess í þjóðarskipulagi fyrri alda, líkt og á miðöldum. Þróun hans má rekja til uppgangs framleiðslu á efni og klæði á sextánda til átjándu öld og þá var lögð meiri áhersla á framleiðslu heldur en neyslu, öfugt við áherslurnar í nútímasamfélagi (Durrenberger og Erem 104-105; Wilk og Cliggett 2007: 50, 107; Wallerstein 1974: 228). Til að byrja með var áhersla lögð á verslun en í byrjun átjándu aldar var aukin áhersla lögð iðnað, og þá sérstaklega á Englandi (Wallerstein 1974: 225). Í kjölfar iðnbyltingarinnar þar í landi á seinnihluta átjándu aldar breiddust kapítalískir framleiðsluhættir út til Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku, sem og seinna meir til annarra heimsálfa, meðal annars í kjölfar heimsvaldastefnunnar (Wilk og Cliggett 2007: 107; Edelman og Haugerud 2005: 10-11). Tækniframfarir voru miklar og beindu menn sjónum sínum að því í auknum mæli.

Bók Adam Smith *Inquiry Into the Nature and Causes of The Wealth of Nations* sem kom út árið 1776 hafði mikil áhrif á uppgang kapítalismans en þar lýsti hann hinni frjáltsu hönd markaðsaflsins sem koma átti jafnvægi á efnahagslegar ákvarðanir. Eftir algjört fall lénsskipulagsins, en segja má að allar leifar þess hafi verið hraktar burt í kjölfar frönsku byltingunnar í lok átjándu aldar, fengu kenningar Smith aukið vægi og fylgi í samfélaginu. Þær hafa lagt grunninn að kerfi nýfrjálshyggju sem einkennt hefur vestrænt samfélag í lok tuttugustu aldar og byrjun þeirrar 21. (Wilk og Cliggett 2007: 50-51). Segja má að kapítalisminn sé þjóðarskipulag sem byggist á hugsjón um eignarétti á framleiðslutækjum, hámarksgróða og frjálsum markaði. Ekki eru þó allir sammála um ágæti þessa en fylgismenn kapítalismans segja hann leiða til árangursríkrar efnahagsstarfsemi, tryggi nær algjört pólitískt frelsi og jöfn tækifæri einstaklinga en andstæðingar hans, þar á meðal fylgjendur marxisma, segja hann einkennast af arðráni eigenda framleiðslutækja á verkalýðnum (Durrenberger og Erem 2007: 91-92, 101).

Bók félagsfræðingsins Jorge Larrain *Theories of Development: Capitalism, Colonialism and Dependency* hefur verið mjög áhrifamikil í umræðunni um kapítalisma, þróunarhugtakið og kenningar um þróun. Hann heldur því fram, ásamt mörgum öðrum fræðimönnum, að hægt sé að yfirfæra efnishyggju í sögulegu ljósi (e.



historical materialism) yfir á þær kenningar um þróun sem komið hafa fram í gegnum tíðina. Tengslin þar á milli séu sterk og líkindin á milli yfirgnæfandi (Larrain 1989: vii). Larrain skrifaði bókina með því hugarfari að honum fannst stórlega vanta aukna umræðu um framvindu kenninga um þróun. Fræðin voru á villigötum og menn ekki sammála um helstu kenningastraumana. Larrain telur að tilkoma og framþróun þróunarhugtaksins sé nátengd umbreytingu og þróun hins kapítalíska kerfis. Mikilvægt sé þá að skoða umræðuna um þróunarhugtakið ávallt í sögulegu samhengi og í sambandi við stöðu hins kapítalíska kerfis á þeim tíma. Larrain hefur kannað sambandið þar á milli náið og með það að leiðarljósi hefur hann skipt sögu kapítalísma niður í þrjú megin stig. Þau eru: Tími kappsfulls kapítalísma (e. age of competitive capitalism) frá 1700-1860, tími heimsvaldastefnunnar (e. age of imperialism) frá 1860-1945 og tími seinni kapítalísma (e. late capitalism) frá 1945 til dagsins í dag.

Segja má að fyrsta tímabilið hafi verið mótunartími kapítalísmans, borgarastéttin fékk þá aukin pólitísk völd og kapítalískir framleiðsluhættir náðu haldbærari farvegi. Frá árinu 1860 varð svo mikil efnahagsleg og tæknileg framþróun og kapítalísminn skaut þá rötum sínum sem helsta framleiðslukerfi samfélagsins. Borgarastéttin fékk aukin völd og mikil samfélagsleg umbreyting hafði orðið frá tímum lénsskipulagsins (Larrain 1989: 7). Þá var heimsvaldastefnan í miklum blóma en líkt og nefnt hefur verið áður þá gekk hún út á vöruskipti og aukið flæði og dreifingu varnings á milli landsvæða. Tilfærsla auðmagns (e. capital) í heimssamfélaginu var mun meira en áður hafði þekkt og nýjar og áður óþekktar stofnanir litu dagsins ljós, líkt og veigamiklir, alþjóðlegir bankar. Smám saman varð mönnum þó ljóst að heimsvaldastefnan væri ekki að bera tilætlaðan árangur fyrir almenning í nýlendunum, en árið 1928 var það opinberlega staðhæft að hún væri í hindrun fyrir framþróun og iðnvæðingu þeirra. Á tímum seinni kapítalísma voru fjölþjóðleg fyrirtæki áberandi, vald þeirra og ábyrgð mikil og framleiðsla ýmiss neysluvarnings algeng. Neysluhyggja jókst þá sömuleiðis til muna.

Miklar breytingar urðu eftir seinni heimsstyrjöldina og snertu þær alla fleti samfélagsins. Margar þjóðir fengu sjálfstæði frá nýlenduherum sínum og þjóðerniskennd innfæddra jókst. Félagslegar framfarir og efnahagsleg þróun komst aftur í umræðuna og vestræn ríki viðurkenndu fátækt og efnahagslega erfiðleika þriðja heims landa sem alvarleg vandamál (ibid: 8-10). Með því fjölgaði frjálsum félagasamtökum sem vildu vinna bug á ójafnrétti heimsins og sinna áriðandi málum sem ríkið lagði sífellt minni áherslu á.

Í kapítalískum heimi nútímans, undir áhrifum nýfrjálshyggju, er stutt við uppbyggingu einka- og stórfyrirtækja sem og hinn frjálsa markað. Neyslu- og markaðshyggja er ráðandi en samfara henni hafa sprottið upp mótmælaraddir sem lýst hafa yfir áhyggjum sínum á því hvert heimurinn er að stefna. Ábyrgð stofnana og fyrirtækja í heiminum er orðin gríðarleg og eru þau mörg hver orðin valdameiri og ríkari en ríki og lönd. Svo dæmi sé tekið eru 51 af 100 stærstu efnahagskerfum heimsins stórfyrirtæki (Freeman 2002: 151). Þau eru farin að taka yfir minni staðbundin fyrirtæki og það ferli má segja að sé afurð hnattvæðingar (Lyon-Callo og Hyatt 2003: 182). Margir af virtum hagfræðingum nútímans, eins og til dæmis Joseph Stieglitz, hafa viðurkennt að stefnur alþjóðlegra stórfyrirtækja hafa haft afdrifarík, jafnvel neikvæð, áhrif á minnhlutahópa, frumbyggja og verkalyðsstéttina. Ójöfnuður hefur aukist mikið og gert það að verkum að staðbundnar herferðir gegn neikvæðum afleiðingum nýfrjálshyggju og hnattvæðingu reynast ekki eins áhrifaríkar líkt og ætla mætti (sjá umræðu í ibid: 188; Stieglitz 2006).

Í stað þess að ögra normum og ástandi heimsins, er tilhneiging margra til þess að samþykkja viðgangandi heimsmynd og erfitt reynist að breyta hugarfari fólks og fá það til að hugsa út fyrir þann samfélagslega ramma sem þau hafa verið alin við (Murphy 2000: 343). Réttindabarátta frumbyggja snýst oft um að vernda hið staðbundna sem þeim finnst utanaðkomandi öfl, oftar en ekki af vestrænum toga, vera að taka yfir. Með því finnst frumbyggjunum þeir vera að missa hluta af einkennum sínum, hluta af kennimarki (e. identity) sínu og ímynd. Sömuleiðis vill það oft verða þannig að skerðing verði á mannréttindum viðkomandi hóps. Lyon-Callo og Hyatt (2003: 177-178) benda á það að í heimssamfélagi nútímans er litið á hnattvæðingu og nýfrjálshyggjuna sem sjálfsagt og algilt kerfi. Fátækt og ójafnrétti eru þá talin vera náttúruleg og óhjákvæmileg ferli sem haldast í hendur við kerfi nýfrjálshyggjunnar, frekar en afurð röð mannlegra aðgerða sem hafa beinlínis leitt af sér mörg félagsleg mein.

### **1.3. Breytt merking þróunarhugtaksins**

Þróunarhugtakið og umræða um þróun og þróunarsamvinnu hefur verið mjög áberandi eftir lok seinni heimsstyrjaldarinnar. Margir telja lausnina á auknum efnahagslegum og félagslegum vandamálum margra ríkja felast í fjárhags- og þróunaraðstoð, en umtalsverðum upphæðum hefur verið eytt í þróunaraðstoð og þá að langstærsta leyti til landa sunnan miðbaugs. Deilt er um það hvort viðkomandi lönd hagnist af þessari

aðstoð, en margir segja að styrkir og lánin sem veitt eru verði einungis til þess að breikka bilið sem liggur á milli þeirra ríku og fátæku. Mannfræðingurinn Arturo Escobar hefur skrifað mikið um þróun sem vestrænt hugtak og tól nýfrjálshyggjulegrar hugmyndafræði til þess að réttlæta yfirráð sín yfir suðrinu (Escobar 1995; Jón Ormur Halldórsson 1992: 7).

Escobar fullyrðir í bók sinni *Encountering Development: The Making and Unmaking of the Third World* (1995) að hugmyndir og stefnugerðir vestrænna ríkja á þróunarmálum og þróunaraðstoð í suðrinu í dag séu í raun ekki síður stjórnartól yfir suðrinu en það var hjá nýlenduyfirvöldum fyrri alda. Þróun er þá orðið mjög vestrænt hugtak og hefur orðræðan um hana á vesturlöndum í raun skapað og ýtt enn meira undir mótun á hugtakinu vanþróun og þriðji heimur (e. third world). Þróunarhugtakið hefur sætt mikilli gagnrýni síðastliðna áratugi og segja margir fræðimenn að hugtökin þróun og vanþróun séu dauð og hafi í raun enga þýðingu. Þau séu hugarburður heimsins um línulega framvindu samfélaga þar sem norðrið er komið lengst á veg og suðrið enn skemur, en hins vegar gætu tækniframfarir og kapítalískir framleiðsluhættir rutt þeim brautina á hraðleið til þróunar (Gardner og Lewis 1996: 1).

Það var ekki fyrr en um miðja tuttugustu öldina að hugtakið *vanþróun* var fyrst notað á opinberum vettvangi og breiddist það hratt út á vörum almennings (Escobar 1995: 3-4; Rist 1997 :6). Segja má að það hafi verið fundið upp af fyrrverandi forseta Bandaríkjanna Harry Truman þegar hann fjallaði um *vanþróuð* lönd og mikilvægi þróunaraðstoðar í árlegri ræðu sinni til þjóðarinnar við upphaf Kalda stríðsins árið 1949. Þar lýsti hann framtíðarsýn sinni þar sem að þjóðir heimsins, undir stjórn Bandaríkjanna, ættu að sameinast og nota tækniframfarir sínar til góðs og leysa vandamál vanþróaðra svæða heimsins. Auka ætti efnahagslegan vöxt í þriðja heiminum og nútímavæða vanþróuð samfélög. Ræða Truman hafði mikil áhrif á umræðu um þróunarsamvinnu í heiminum og urðu menn þá mun meðvitaðri um þýðingu vanþróunar og áhrif þróunaraðstoðar á heiminn. Ræða Truman átti sömuleiðis eftir að hafa mikil áhrif á hugmyndir manna um þróun og skiptingu heimsins í áhrifasvæði og um bilið á milli þeirra fátæku og þeirra ríku. Orðræðan í samfélaginu breyttist gífurlega (Edelman og Haugerud 2005: 6; Escobar 1995: 3; Gardner og Lewis 1996: 6).

Franski heimsspekingurinn Michel Foucault fjallaði mikið um vald, orðræðu og ríkið. Skrif hans hafa haft víðtæk áhrif á fræðiheimum í heild sinni, og þá ekki síst á mannfræði, á vangaveltur mannfræðinga um þróunaraðstoð og sömuleiðis á það

þekkingarkerfi sem viðgengist hefur á hverjum tíma. Mannfræðingurinn Arturo Escobar, sem var undir áhrif um Foucault, benti á það að þekking og vald eru samofin kerfi sem saman mynda félagslegan veruleika sem skoða ber í sögu- og menningarlegu samhengi (Escobar 1995: 5; sjá umræðu í Kristín Loftsdóttir og Helga Björnsdóttir 2008: 179). Segja má að allt frá fyrrnefndri ræðu Truman hafi ríkt hugmyndafræðilegt forræði (e. hegemony) á milli *vanþróaðra* og *þróaðra* heimshluta þar sem valdatengslin þeim *þróðu* í hag eru álitin eðlileg.

Ítalski heimsspekingurinn og marxistinn Antonio Gramsci setti fram hugtakið hugmyndafræðlegt forræði á fyrrihluta tuttugustu aldar þar sem hann heldur því fram að pólitískir leiðtogar hvers samfélags móti það hugmyndakerfi sem almenningur fer eftir og tekur sem gefnu. Yfirstéttin hefur þannig hugmyndafræðilegt forræði yfir almúganum og hefur því völdin í sínum höndum (McGee og Warmes 2008: 565, Kristín Loftsdóttir 2008: 490; Gramsci 1975: 228). Annað hugtak má sömuleiðis nota til útskýringar á einu af þeim flóknu valdasamböndum sem ríkja í samfélaginu en það varðar stjórnlist (e. governmentality), sem er hugtak komið frá Michel Foucault. Hugtakið vísar í þá valdbeitingu sem íbúar ákveðins ríkis búa við, en ríkið setur ákveðin lög og reglugerðir í þeim tilgangi að hafa taumhald á íbúunum.

Ríkið vill að viðhorf okkar og hugarfar sé mótað á ákveðinn hátt, ríkinu sjálfu í hag. Þannig nær það með orðræðu sinni og stefnumótun að koma á valdatengslum á milli okkar (sjá umræðu í Peterson 2001: 78). Stefnumannfræði (e. anthropology of policy) er alfarið umhugað um stefnumótun ríkja, hvernig hún hjálpar til við að móta orðræðu innan samfélagsins og er svo notuð sem valdataeki af stjórnvöldum til að ríkja yfir almenningi (Shore og Wright 1997: 4). Í nútímasamfélagi má þó ætla að ríkið sé ekki eini handhafi stjórnlistar heldur geri frjáls félagasamtök slíkt hið sama (ibid 2001: 78).

## **2. Tilkoma þriðja geirans**

Frjáls félagasamtök eru öll þau samtök sem tilheyra hinum svokallaða þriðja geira, til aðgreiningar frá fyrsta og öðrum geiranum. Fyrsti geirinn mun vera ríkið eða hið opinbera og annar geirinn einkageirinn og viðskiptalífið (Steinunn Hrafnisdóttir 2006: 46-47). Samtök þriðja geirans eru mjög fjölbreytt og mismunandi bæði að stærð, uppbyggingu og tilgangi. Þetta geta verið allt frá staðbundnum samtökum sem einungis

eru rekin af nokkrum sjálfbóðaliðum, til þess að vera fjölbjóðlegar stofnanir með mörg hundruð starfsmenn á launaskrá. Sömuleiðis geta þetta verið samtök sem umhugað er um stefnubreytingar til langframa eða samtök sem veita skammvinna lausn við hamförum eða áföllum sem ákveðið landsvæði hefur orðið fyrir. Flóra frjálsra félagasamtaka er fjölbreytt og ekkert þeirra hefur sömu uppbyggingu og formgerð (Lewis 2007: 32). Vegna fjölbreytni þeirra, sem og mismunandi menningarlegs bakgrunns hvers samfélags og lands sem samtökin eiga rætur sínar að rekja til, geta nafnagiftir og skilgreiningar á viðkomandi samtökunum verið vandasöm. Líkt og ég nefni í innganginum skilgreini ég samtök þriðja geirans og frjáls félagasamtök sem sama hlutinn í þessari ritgerð.

Hægt er að rekja allar nafnagiftir, nánari skilgreiningar og fyrirætlanir um samtök þriðja geirans til sögu og menningar viðkomandi landsvæðis og er merkingin alltaf háð og ákvörðuð af viðvarandi félagslegu, efnahagslegu og pólitísku samhengi (Lewis 2007: 43). David Lewis talar til dæmis um sögu- og menningarlegan mun á skilgreiningarlegri hugmyndafræði frjálsra félagasamtaka í Bretlandi og Bandaríkjunum. Í Bretlandi eru hugtökin sjálfbóðageirinn (e. voluntary sector) og góðgerðarfélög (e. charity) gjarnan notuð, en þar er rík hefð fyrir sjálfbóðastarfi, oftar en ekki undir kristilegum gildum. Skilgreining á þeim hefur verið bundin í lög í margar aldir, svo djúpar rætur hefur hún (ibid). Í Bandaríkjunum er hins vegar talað um stofnanir sem ekki hafa hagnað að markmiði (e. non-profit organization). Þar hefur markaðurinn lengi verið ráðandi og rekja samtök án hagnaðar nafnagift sína til tilraunar til aðgreiningar frá þeim samtökum sem rekin eru með hagnað að markmiði. Hugtakið frjáls félagasamtök (e. NGOs) á svo rætur sínar að rekja til Sameinuðu þjóðanna og skilgreiningar þeirra á samtökum innan þriðja geirans. Önnur hugtök sem notuð eru um þriðja geirann eru meðal annars hugsjónasamtök, óháði geirinn, grasrótarsamtök og sjálfbóðageirinn. Oft hafa margar þessara skilgreininga þó verið gagnrýndar þar sem þær þykja lýsa því hvað viðkomandi samtök standa ekki fyrir, í stað þess að lýsa því hvað þau geri í raun og veru (ibid: 43-46).

Anna Vakil fjallar um vandamálið við ósamræmi á nafnagiftum frjálsra félagasamtaka í grein sinni *Confronting the Classification Problem: Toward a Taxonomy of NGOs* (2007). Þau eru margs konar og það er ólíkt hvernig fræðimenn nálgast nafnagiftir á þeim. Vakil (ibid) segir að misvísun fræðimanna á því hvað teljist vera frjáls félagasamtök geti hindrað þá í því að rannsaka þau nánar, og þá sérstaklega

ef gerðar eru samanburðarrannsóknir á mismunandi samtökum þriðja geirans á milli menningarheima, sem þá innbyrðis beita mismunandi skilgreiningu á starfsemi sinni. Sömuleiðis geta mismunandi nafnagiftir gert stefnumótun stjórnvalda erfiðari viðfangs og samband fyrsta og þriðja geirans þar af leiðandi flóknara. Nafnagiftin getur einnig gert frjálsum félagasamtökum erfiðara viðfangs við að vekja athygli á sér.

## 2.1. Tilurð samtaka þriðja geirans

Lögfræðingurinn og fræðimaðurinn Steve Charnovitz hefur rannsakað þróun og tilurð frjálsra félagasamtaka í Evrópu og Norður-Ameríku og rekur sögu þeirra í grein sinni *Two Centuries of Participation: NGOs and International Governance* (sjá umræðu í Lewis 2007: 50-51). Á nýlendumótum á átjándu öldinni fór að bera meira á staðbundnum frjálsum félagasamtökum sem unnu að afnámi þrælshalds og friðaruppbyggingu. Um aldamótin 1900 var sömuleiðis orðin mikil vitundarvakning um réttindi verkafólks og gangverk markaðarins og því spruttu upp verkalýðsfélög og önnur réttindasamtök sem kalla mætti forvera nútíma samtaka þriðja geirans.

Í kjölfar stofnunar Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (e. ILO) og inngöngu þess í Þjóðbandalagið (e. League of Nations), sem segja má að hafi verið forveri Sameinuðu Þjóðanna, árið 1919 unnu frjáls félagasamtök svo í auknum mæli í samstarfi með bæði hinu opinbera og einkageiranum. Öll aðildaríki tilnefndu þá fjóra aðila; tvo frá ríkisstjórninni, einn af almennum vinnumarkaði og einn fyrir hönd verkalýðsfélaganna. Saman átti þessi hópur að mynda ráð manna frá öllum þremur geirum þjóðfélagsins til að hjálpa til við að móta og hafa áhrif á alþjóðlega sáttmála um siðareglur og réttindi verkalýðsins. Eftir þetta fóru frjáls félagasamtök að hafa aukin áhrif á alþjóðleg málefni og vandamál. Þau fóru frá því að vinna að málefnum sínum á jaðri samfélagsins til að vinna í samstarfi með hinum tveimur geirum samfélagsins (ibid: 50).

Það var þó ekki fyrr en árið 1949 sem að hugtakið frjáls félagasamtök (e. NGO) kom fram og var skilgreint í fyrsta skipti, þó svo að slík samtök hefðu lengi verið þekkt. Það var nokkrum árum eftir stofnun Sameinuðu Þjóðanna (e. SP) og var þeim ætlað það hlutverk að starfa óháð aðildaríkjum stofnunarinnar og í fjarlægð frá ríkinu og hinu opinbera, en þó í tengslum og oft í samstarfi við SP (Leve and Karim 2001: 53). Þessi skilgreining varð þó ekki til að bæta stöðu þeirra á þeim tíma og eftir að hafa verið virk og áhrifamikil í nokkur ár, dró aðeins úr framlagi þeirra í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar og áhrifamáttur þeirra innan alþjóðasamfélagsins minnkaði. Þau

lögðu ekki mikið af mörkunum, enda var allur heimurinn í lamasessi eftir átök stríðsins. Sömuleiðis myndaðist aukin streita milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna á tímum Kalda stríðsins og undirstöður efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu Þjóðanna veiktust, en það ráð sá um halda tengslum á milli SP og frjálsra félagasamtaka. Það var ekki fyrr en rúmlega 20 árum síðar, á áttunda áratugnum, sem sjáanlegur munur var á virkni og framlagi frjálsra félagasamtaka í heiminum og á ráðstefnum á vegum Sameinuðu Þjóðanna (Lewis 2007: 50-51).

Tíundi áratugur síðustu aldar markaði svo ákveðin tímamót í þróun samtaka innan þriðja geirans en þá varð einskonar sprenging bæði í stofnun samtaka sem og aukins áhrifamáttis þeirra um heiminn allan. Nú vinna mörg frjáls félagasamtök í nánú samstarfi við Sameinuðu Þjóðirnar og gengur stjórn málafræðingurinn Kerstin Martens meira að segja svo að langt að segja að þau gegni lykilhlutverki í heildarstarfsemi SP (sjá umræðu í Lewis 2007: 50-51 um hugmyndir Kerstin Martens).

Hugtakið *þriðji geirinn* kom svo ekki á sjónarsviðið fyrr en á áttunda áratugnum í Bandaríkjunum. Talið er að tveir fræðimenn hafi mótað það á svipuðum tíma án þess að hafa samráð sín á milli, en þeir eru félagsfræðingurinn Amitai Etzioni og hagfræðingurinn Theodore Levitt. Þá var Etzioni umhugað um stefnumótun og þau valdatengsl sem ákvarða mismunandi gerðir samtaka og Levitt um aðgerðastefnu (e. activism) og breytingar á eðli félagsshreyfinga og mótmæla almennt í Bandaríkjunum (Lewis 2007: 67-68).

Það sem hugmyndir fræðimannanna beggja eiga sameiginlegt er tilraun þeirra til þess að greina niður og skoða formgerðarlegan mun á félagslegum samtökum og stjórnkerfinu í heild. Í takt við þær félagslegu breytingar sem áttu sér stað í samfélaginu á þeim tíma skilgreindu Etzioni og Levitt frjáls félagasamtök, sem bæði voru til fyrir og voru óðum að spretta upp, og mótuðu þeim umgjörðina *þriðji geirinn*. Þannig aðgreindu þeir frjáls félagasamtök enn betur frá opinbera geiranum og einkageiranum, og þá sérstaklega í stefnulegum skilningi og innan umræðna um stefnumótun (Lewis 2007: 67-69).

Þriðji geirinn hefur stækkað umtalsvert síðastliðin tuttugu ár og eru nú til fleiri samtök innan þriðja geirans en nokkurn tímann áður hefur þekkt. Á tíunda áratugnum fjölgaði þeim margfalt. Þá finnst mörgum þróunarsamvinnustofnunum að þjóðríki heimsins hafi yfirleitt staðið sig illa í því að berjast gegn fátækt. Aukin eftirspurn var eftir þriðja geiranum, eftir öðrum valkosti en opinbera geiranum sem veitanda

þróunaraðstoðar (Lewis 2007: 39). Þriðji geirinn hefur þó lengi verið til staðar og er ekki nýtt fyrirbæri, þó svo að sprenging hafi átt sér stað í stofnun samtaka innan hans síðastliðna áratugi. Staðbundin samtök eða hópar hafa lengi verið þekkt og unnið þá að málum sem snúa að viðkomandi samfélagi, án aðstoðar frá ríkinu sjálfu eða einkaaðilum (Lewis 2007: 38).

Uppruni og saga hinna ýmsu frjálsu félagasamtaka er mismunandi. Líkt og svo margt annað litast hver samtök þriðja geirans og tilurð þeirra af utanaðkomandi og fyrirbyggjandi aðstæðum, sem og menningar- og sögulegu samhengi. Stofnun norrænna frjálsra félagasamtaka eiga oft rætur sínar að rekja til trúarlega stofnanna og berjast þau þá fyrir samfélagslegum málefnum undir ákveðinni trúarlegri hugsjón (Ahmed og Potter 2006: 37), sum allt frá sextándi öld (Smillie og Helmich 1999: 8).

Fyrstu félagasamtökin sem byggð voru á ókirkjulegum eða veraldlegum grunni var þó Rauði Krossinn árið 1863, en hugmyndin með stofnun þess var að veita særðum hermönnum aukið aðhald og stuðning á stríðstímum. Algengt er að frjáls félagasamtök spretti upp í kjölfar stríða eða borgaralega átaka og eru þau mörg hver hve þekktust enn þann dag í dag. Ásamt Rauða Krossinum voru til dæmis félagasamtökin *Save the Children Fund* stofnuð í kjölfar fyrri heimsstyrjaldarinnar (Smillie og Helmich 1999: 8 og International Committee of the Red Cross) og *Oxfam* árið 1942 í kjölfar borgarastyrjaldarinnar í Grikklandi (Lewis 2007: 39).

Mörg frjáls félagasamtök sem byggja á trúarlegum grunni og viðhalda ákveðinni trúarlegri hugsjón hafa risið upp í Rómönsku Ameríku og á Indlandi og umsvif þeirra stóraukist. Þróunarfræðingurinn og prófessorinn David Hulme gefur í skyn að fjölgun frjálsra félagasamtaka sé í raun mun meiri í Rómönsku Ameríku og Asíu en í Afríku og að sérstaklega séu utanaðliggjandi aðstæður á þann veginn í Rómönsku Ameríku að frjáls félagasamtök standa vel af vegi að taka þátt í pólitískri umræðu og þrýsta á stjórnvöld um félagslegar breytingar vegna sögu og ástands álfunnar, líkt og kemur fram í Lewis (2007: 51-52).

Staðan hefur þó breyst nokkuð í dag, en síðan á áttunda áratugnum hafa hlutverk norrænna félagasamtaka breyst mikið. Þau sem áður gegndu því hlutverki að boða ákveðinna trúarlega hugsjón og seinna þróunaraðstoð á neyðartímum hafa nú mörg hver breytt um áherslu. Í dag virka þau í raun sem stuðningur við þá þróunaraðstoð sem ríkið og stjórnvöld veita, sem framlenging af því sem ríkið gerir fyrir hinn almenna borgara. Þá eru þau sömuleiðis dugleg við að gagnrýna viðbrögð stjórnvalda og standa vörð um



að réttindi hins almenna borgara sé framfylgt (Ahmed og Potter 2005: 37; Smillie og Helmich 1999: 8).

## 2.2. Tengsl við aðgerðastefnu

Á seinni hluta sjöunda áratugar síðustu aldar varð mikil bylgja í birtingarmynd félagsshreyfinga ýmis konar innan alþjóðasamfélagsins. Ákveðin bylting átti sér stað í heiminum þar sem almenningur lét til sín taka og var ekki hræddur við að láta rödd sína heyrast. Þessir tímar höfðu mikil áhrif á mótun þeirrar heimsmyndar sem fylgdi í kjölfarið. Í Bandaríkjunum var Kalda stríðinu og Vítíamstríðinu harðlega mótmælt, víða barst almenningur fyrir auknu lýðræði og að borgaralegum réttindum sínum yrði framfylgt. Stúdentamótmæli og óeirðir sem byrjuðu í Frakklandi árið 1968 breiddust út og hreyfingar sem umhugað var um umhverfismál og kvenréttindi spruttu upp (Della Porta og Diani 2006: 1).

Krafist var jafnari skiptingu auðlinda í heiminum, aukins lýðræðis og þátttöku almennings í ákvarðanatöku ríkisins um almennt réttmæti. Allir þessir atburðir höfðu mikil áhrif á komandi tíma og hjálpuðu vafalaust til við að auka umræðu um stefnumótun og hinn ört vaxandi þriðja geira. Breytt heimsmynd kallaði á nýja skilgreiningu og nýja umgjörð utan um þennan fjölbreytta hóp samtaka sem barðist fyrir málefnum sem ríkið hafði ekki sinnt. Félagslegar breytingar voru miklar. Almenningur kallaði eftir nýjum vettvangi þar sem þörfum þeirra yrði mætt, en mörgum fannst ríkið vera að bregðast sér og traust almennings til yfirvalda fór þverrandi (Murphy 2000: 332-333; Lewis 2007: 69). Það sem aðgreinir aðgerðasinna sjöunda og áttunda áratugarins frá þeim sem áður létu rödd sína heyrast var að þeir vildu með gjörðum sínum kalla eftir móttækilegra samfélagi og að stjórnvöld og önnur yfirvöld í samfélaginu ynnu meira í þágu þegna sinna. Ekki var krafist hreinna endurbóta, heldur vildi fólk aukna vitundarvakningu í samfélaginu (sjá umræðu í Lewis 2007: 69 um hugmyndir Theodore Levitt).

Levitt skoðaði sambandið á milli vaxandi aðgerðastefnu og breytts eðli hans á áttunda áratugnum. Hann velti því fyrir sér hvers vegna svo mörg ný samtök væru að spretta upp sem umhugað væri um málefni sem svo lengi hefðu verið hunsuð bæði af fyrsta og öðrum geiranum. Hann skilgreindi þessi nýju samtök og félagsshreyfingar og gaf þeim umgjörðina þriðji geirinn. Levitt gagnrýndi það að stjórnvöld og rannsakendur hefðu of lengi hugsað um samfélagið sem einingu sem skiptist aðeins í tvennt;

einkageirann, sem var þá viðskiptalífið, og hið opinbera, sem var allt annað sem eftir var. En ástand heimsins var að breytast og aukin krafa var fyrir nánari skilgreiningu og nýjum vettvangi; þriðja geiranum. Levitt sagði tilgang hans vera að sinna málefnum sem hvorki ríkið né einkageirinn væri að sinna nógu vel eða ekki að sinna yfirhöfuð. Leggja ber þó áherslu á það að þriðji geirinn og samtök innan hans hafa alltaf verið til staðar, en það var einungis Levitt, og Etzioni sömuleiðis, sem mótuðu hugtakið og skilgreindu hann nánar (Lewis 2007: 69).

Ástæður fyrir uppgangi þriðja geirans eru margvíslegar. Mikill þrýstingur kom frá hinum almenna borgara fyrir nýjum vettvangi þar sem rödd þeirra væri virt og kröfum þeirra mætt. Traust manna á hæfni ríkisins minnkaði og með þessum breytingum stækkaði umfang þriðja geirans (Salamon 1994: 110). Salamon (ibid: 112) talar um þann þrýsting sem leiddi til uppgang þriðja geirans og telur hann hafa þrjár mismunandi uppsprettur. Þær koma að neðan, í formi ýmissa grasrótahreyfinga, að utan, frá gjörðum ýmissa opinberra og einkarekinna stofnanna, og að ofan, í formi opinberrar stefnu. Það sem allar þessar uppsprettur eiga þó sameiginlegt er kall almúgans eftir nýjum vettvangi þar sem fólk tekur málin í sínar hendur og krefst þess að réttindum þeirra sé fullnægt.

### **2.3. Samband við ríkið**

Í hnattrænum heimi nútímans er eðli ríkja að taka örum breytingum sem ná til allra anga samfélagsins. Efnahagsleg framvinda samfélaga hefur verið mikil og hafa aðgerðasinnar á seinnihluta tuttugustu aldar ekki síst beint sjónum sínum að því. Ör breyting á skipulagi og eðli ríkisins í dag hefur mikil áhrif á aðgerðastefnu og getur hjálpað til við að efla hann eða halda honum í skefjum (Lyon-Callo og Hyatt 2003: 179).

Til þess að geta nánar skilið framgang og virkni frjálsra félagasamtaka er mikilvægt að skoða samband þriðja geirans við opinbera geirann. Líkt og stjórn málafræðingarnir Shamima Ahmed og David M. Potter (2006: 57) benda á er heiminum stjórnað af samansafni ríkja, þau hafa mestu völdin og eru helstu gerendurnir og áhrifavaldar í alþjóðsamfélaginu. Öll þau samtök og sjálfstæðar stofnanir sem þrífast innan þjóðfélagsins verða að lifa undir regluverki þjóðríkisins og eru aldrei óháðar þeim.

Það samband sem ríkir á milli samtaka þriðja geirans og opinbera geirans getur verið flókið og erfitt er að staðhæfa um samskipti þeirra. Viðbrögð þjóðríkja við

auknum áhrifum og völdum félagasamtaka innan þjóðarskipulags ríkisins er mismunandi. Ákveðin spenna getur myndast þar á milli þar sem ríkið túlkar afskipti félagasamtakanna sem gagnrýni á stjórnarhætti sína. Þá geta samtökin sýnt tilhneigingu til þess að taka völdin í sínar hendur og skipta sér af forræði ríkisins, sem það lítur hornauga (Rudasill 2006: 13). Mörg ríki hafa í því sambandi reynt að hemja valdaftök þeirra með því að setja á fót ýmsar ríkisstofnanir með það í huga að stjórna og þjónusta samtök þriðja geirans (Clarke 1998: 46; Ahmed og Potter 2006: 64). Þrátt fyrir að ríkið sé mikilvægur áhrifavaldur þá hafa hnattræn ferli gert það að verkum að mörk ríkisins verða sífellt óskýrari (Rudasill 2006: 13).

Flóra frjálsra félagasamtaka er mikil og er virkni þeirra, tilgangur og framgangur mjög mismunandi. Ekki er hægt að staðhæfa um eitt ákveðið regluverk sem þau fara öll eftir. Sumum þeirra er stjórnað af hóp sjálfboðaliða án þess að hljóta nokkurn stuðning frá ríkinu en önnur eru jafnvel stofnuð eða stjórnað af ríkinu (Fisher 1997: 447). Samtök þriðja geirans eru oftast en ekki bundin þjóðríkinu sterkum böndum sem geta verið kraftmikil, tvíræð eða byggð á samvinnu. Sumir segja að frjáls félagasamtök séu mikilvægir pólitískir gerendur í nútímasamfélagi sem veita ómetanlegt framlag og hjálpi til við að koma á mikilvægum breytingum í þjóðfélaginu. Þau geta haft áhrif á stefnugerðir og stefnumótun þjóðríkja og hrundið af stað stórvægilegum samfélagslegum breytingum. Umfang áhrifa þeirra er þó umdeilanlegt (ibid: 452).

Þá er áhugavert að skoða hugmyndir Sameinuðu Þjóðanna um hlutverk og tilgang frjálsra félagasamtaka innan þjóðarskipulagsins, en virkni þeirra hefur breyst töluvert síðan þau voru skilgreind við stofnun Sameinuðu Þjóðanna árið 1949. Þau voru hugsuð sem stofnanir sem mundu stafa í fjarlægð frá því opinbera og þjóðríkinu og virka sem samviska þeirra. Þá mundu þau sömuleiðis veita siðferðislega gagnrýni á aðferðir ríkisins. Með auknu umfangi þeirra hafa þessar hugmyndir þó breyst umtalsvert og hafa samtök þriðja geirans mörg hver yfirumsjón yfir þeim borgaralegum verkefnum sem ríkið vill annað hvort ekki eða getur hreinlega ekki sinnt (Leve og Karim 2001: 53).

Samvinna á milli frjálsra félagasamtaka og þjóðríkisins er víða algeng, en henni fylgja þó nokkur vandkvæði. Báðir aðilar þurfa að vilja vinna saman að fullum huga, en þar sem ríkið vill halda valdastöðu sinni í samfélaginu sér það oft ítök frjálsra félagasamtaka sem tilraun til að ná völdum frá ríkinu. Takmörk og markmið þessara tveggja geira samfélagsins geta sömuleiðis oftast en ekki skarast og gerir það samvinnu þeirra á milli enn erfðari (Ahmed og Potter 2006: 63). Það getur farið svo að þjóðríkið

ríki yfir þriðja geiranum og noti hann sem nokkurs konar framlengingu á sínum eigin stjórnarháttum. Þá hugsar ríkið um frjáls félagasamtök sem vettvang þar sem hægt er að framkvæma margar af þeim aðgerðum sem ríkið sjálft getur ekki sinnt (ibid: 64).

Sums staðar gengur það svo langt að þriðji geirinn virkar sem staðgengill ýmissa opinberra stofnanna. Þá hafa sérstakar samfélagslegar aðstæður gert það að verkum að vald þjóðríkisins er takmarkað og stór hluti félagslegrar ábyrgðar ríkisins er vanrækt. Í slíkum kringumstæðum verða böndin á milli ríkisins og samfélagsins veik og hluti þjóðfélagsins verður útundan. Gott dæmi um það er Grameen bankinn í Bangladesh, sem er lánastofnun en byggir á hugmyndafræði þriðja geirans. Starfsemi bankans gengur út á að veita fátækum íbúum lán, en viðskiptavinirnir eru hópur fólks sem njóta ekki stuðnings frá ríkinu og venjulegir bankar neita að hjálpa. Þannig veitir Grameen bankinn þeim jaðarhópi þjónustu sem ríkið sinnir ekki (Ahmed og Potter 2006: 67).

Þjóðríkið er ekki lengur eini gerandinn sem hefur bæði vald og atbeina til breytinga. Alþjóðlegar stofnanir og félagasamtök, á borð við Alþjóðabankann og Alþjóðaviðskiptastofnunina, verða sífellt valdmeiri (Rudasill 2006: 12) og hafa þau völd til þess að neyða leiðtoga ýmissa þróunarlanda til þess að grípa til umdeilda efnahagsaðgerða til þess að uppfylla skilyrði þeirra um formgerðaraðlögun (e. structural adjustment) (Kristín Loftsdóttir 2008: 184). Alþjóðlegar þróunarsamvinnustofnanir veita þá fátækum ríkjum lán sem þau eiga erfitt með að borga til baka án þess að grípa til harðra aðgerða. Þetta gerir það að verkum að stór hluti samfélagsins verður utanveltu og nýtur ekki sömu réttinda og samfélagslegrar þjónustu og aðrir hópar. Hlutverk ríkisins breytist og hæfni þess til þess að tryggja borgurum þess efnahagslegra velferð, heilsuþjónustu og hæft menntakerfi verður sömuleiðis takmarkað (Murphy 2000: 334).

Markaðurinn er álitinn aðal drifkraftur hins nýfrjálshyggjulega samfélagsins þar sem nær allir þættir félagslegrar þjónustu eru einkavæddir, sem gerir það að verkum að aðeins lítill hluti samfélagsins hefur aðgang að henni (Murphy 2000: 334). Einkavæðing með sterkri áherslu á hinn frjálsa markaðinn hefur verið stefna studd af nýfrjálshyggjulegum öflum og stjórnkerfum í heiminum síðastliðin þrjátíu árin. Því hafa frjáls félagasamtök í auknum mæli komið fram á sjónarsviðið og veitt jaðarhópum, jafnt sem öðrum, ýmsa félagslega þjónustu og um leið vettvang til aðgerða sem ekki er hægt að nálgast hjá ríkinu sjálfu (ibid: 333).

Frjáls félagasamtök geta haft víðtæk áhrif í samfélaginu og eftir uppgang þeirra á tíunda áratugnum hefur þeim verið gefið meira vald og ítök en áður í þjóðfélaginu

(Fisher 1997: 439-440). Stjórnlist samtaka þriðja geirans er orðin mun meiri en áður (Peterson 2001: 78). Ríkið hefur fært hluta ábyrgðar sinnar yfir til þriðja geirans og orðræðan í samfélaginu hefur breyst mikið í kjölfarið. Þau hafa allt sem þarf til þess að breyta viðvarandi stjórnarháttum og orðræðu samfélagsins, til þess að ögra yfirvaldinu og stefnumótum þjóðríksins (ibid). Fisher (1997: 457) bendir á að þau eigi ekki að vera hrædd við að ögra þeirri hugmyndafræði og stjórnlist sem ríkið beitir, enda þurfa breytingarnar fyrst að eiga sér stað í hugarfari fólks áður en hægt er að sjá markverðar breytingar í samfélaginu. Frjáls félagasamtök geta haft áhrif á orðræðuna í samfélaginu, breytt viðgangandi gildum og komið af stað ýmsum félagslegum breytingum.

Samtök þriðja geirans eru talin hafa þá kosti fram yfir þjóðríkið að ná betur til fólksins og sýni aukinn sveigjanleika við meðhöndlun málefna. Þátttaka fólks í málefnum þriðja geirans er mun virkari en hjá ríkinu og samtökin oft lítil sem veitir þeim mikið svigrúm (Gardner og Lewis 1996: 107-108). Þau eru þá ekki eins bundin af reglugerðum og stefnumótunum og þjóðríkið. En þó svo að að kostir þriðja geirans sé margir fram yfir þjóðríkið þá ber að nefna að frjáls félagasamtök gætu aldrei starfað án fyrsta og annars geirans. Hann er nátengdur þeim og er oftast en ekki fjármagnaður af annað hvort yfirvöldum eða viðskiptalífínu, ef ekki bæði.

#### **2.4. Borgarasamfélagið**

Í kjölfar uppgangs frjálsra félagasamtaka innan alþjóðasamfélagsins á tíunda áratugnum fóru ýmsir fræðimenn að velta fyrir sér þessari þróun. Til þess að auka skilning manna á henni leituðu menn aftur í hugtakið *borgarasamfélag* (e. civil society), en hugmyndir um þýðingu þess ná aftur til tíma upplýsingarinnar. Auknar umræður á fræðilegum grundvelli um borgarasamfélagið má tengja við víðtækari samfélagslegar umræður um stjórnsmál, lýðræði, borgaralega þátttöku, velferð og réttindabaráttu. Þannig myndaðist aukin samstaða meðal almennings um þessi málefni (Lewis 2007: 53-54).

Marxistinn Antonio Gramsci skrifaði mikið um borgarasamfélagið. Hann áleit það vera vettvang mótstöðu, þar sem fólk kom saman til að andmæla ríkjandi valdhöfum hins kapítalíska samfélags og til að mótmæla þjóðríkinu. Hann taldi mikinn ágreining ríkja í samfélaginu um hver ætti að fara með valdið og að mörk ríkisins væru þannig óljós (Gramsci 1975; sjá umræðu í Lewis 2007: 54, 59 um hugmyndir Antonio Gramsci). Gramsci áleit *menninguna* gegna lykilhlutverki innan ríkisins og að

borgarasamfélagið ætti mikilvægan þátt í því að bæði styrkja og ögra stöðu yfirstéttarinnar (Sharma og Gupta 2006: 45).

Fræðimaðurinn Lester M. Salamon hefur gert víðtækar rannsóknir á frjálsum félagasamtökum. Hann skrifar um það í grein sinni *The Rise of the Nonprofit Sector* (1994) að ákveðin bylting eigi sér stað, bylting sem hann kallar *hnattræn bylting félagasamtaka* (e. global associational revolution). Hann staðhæfir að samfélagslegt hlutverk frjálsra félagasamtaka sé að breytast og að þau gegni veigameira hlutverki en áður. Allt frá byrjun tíunda áratugarins leika frjáls félagasamtök sífellt stærra hlutverk í stefnumótun og samstarf þeirra við bæði ríkið og einkageirann verður sífellt nánara. Salamon gengur svo langt að segja að hin hnattræna bylting félagasamtaka í lok tuttugustu aldar gæti jafnast á við uppgang þjóðríkisins innan alþjóðasamfélagsins við lok nítjándu aldar (ibid: 114).

Salamon og Helmut K. Anheier (1999) fjalla um hnignun þjóðríkisins innan alþjóðasamfélagsins og aukna samstöðu almennings á óopinberum grundvelli í bókinni *Global Civil Society: Dimensions of the Nonprofit Sector* sem kom út nokkrum árum síðar. Þeir segja að samtök þriðja geirans og borgarasamfélagið í heild sinni hafi fengið aukna athygli þar sem þjóðríkið hafi gengið í gegnum ákveðna krísu síðastliðin þrjátíu ár. Ástæðu þess segir hann að rekja megi til ýmissa samfélagslegra breytinga. Trú almennings norrænna ríkja á velferðakerfið telur hann hafa minnkað síðan á níunda áratugnum, sem og trú manna á árangur þróunaraðstoðar innan suðrænna ríkja. Einnig hefur fall sósíalísmans í Mið- og Austur-Evrópu, sem og áhyggjur manna af umhverfismálum og afleiðingu mannlegs niðurrífs náttúrunnar á heilsu manna og jarðarinnar í heild haft sín áhrif. Síðustu áratugi hefur nýfrjálshyggjan notið aukins fylgis, með aukinni áherslu á markaðinn og menn því farnir að efast um hæfni þjóðríkisins í þeim tilgangi að standa undir væntingum þegna sinna. Að þessum ástæðum hefur almenningur myndað aukna samstöðu sem sýnir sig í stofnun frjálsa félagasamtaka, sem og uppgangi ýmissa félagshreyfinga (Salamon og Anheier 1999: 4).

Þrátt fyrir uppgang frjálsra félagasamtaka og aukins sýnileika borgarasamfélagsins hefur þriðji geirinn ekki enn notið mikillar viðurkenningar meðal stjórnvalda, viðskiptalíffisins og jafnvel innan geirans sjálfs (Salamon og Anheier 1999: 5). Þörf er á aukinni vitundarvakningu innan alþjóðasamfélagsins um málefni þriðja geirans svo hann fái að njóta sín sem best og markmið hans komist vel til skila.

*Borgarasamfélagið* er hugtak sem fræðimenn nota yfir þessu aukna borgaralega samstöðu en eins og Michael Bratton (1994: 2) skilgreinir hugtakið þá er það vettvangur þar sem skipulagður hópur ábyrgra borgara, þar á meðal frjáls félagasamtök, koma saman og stuðla að almennri velferð. Allir vinna sjálfviljugir saman að ákveðnu markmiði og mynda tengslanet við aðra sem vilja ná sömu takmörkum og þeir sjálfir (ibid). Naomi Chazan (1992: 281) segir borgarasamfélagið vera þann hluta samfélagsins sem hefur samskipti við og áhrif á þjóðríkið en er þó aðgreindur frá því.

### 3. Mannfræðilegt framlag

Ekki eru til margar rannsóknir á sviði mannfræði um samtök innan þriðja geirans. Í raun hefur mannfræðilegt framlag til rannsókna á þriðja geiranum verið í algjöru lágmarki (Fisher 1997: 441). Mannfræðingurinn Lisa Markowitz vekur athygli á þessari staðreynd í grein sinni *Finding the Field: Notes on the Ethnography of NGOs* (2001: 40) og furðar sig á því að framlag þeirra sé ekki meira þar sem þeir hafa alla tíð unnið í nánú samstarfi við frjáls félagasamtök.

Þeir fræðimenn sem hafa rannsakað og skrifað um samtök þriðja geirans eru þá sjálfir iðkendur innan þróunargeirans. Oft eru þeir sömuleiðis aðgerðasinnar sem umhugað er um málefni þriðja geirans eða aðrir félagsvísindamenn sem nátengdir eru þróunarsamvinnustofnunum, en ekki mannfræðingar (Markowitz 2001: 40). Furðu vekur af hverju mannfræðingar rannsaka ekki frjáls félagasamtök og málefni þeirra meira og leggja þá sína mannfræðilegu kunnáttu af mörkunum víst þeir eru oft svona nátengdir þeim og gangverki þeirra. Margir mannfræðingar vinna fyrir frjáls félagasamtök eða í nánú samstarfi við þau (Markowitz 2001: 40).

#### 3.1. Staða fræðanna

Þegar skoðaðar eru ástæður þess hversu lítið mannfræðingar almennt hafi skoði þriðja geirann og framgang frjálsra félagasamtaka er mikilvægt að taka tillit til stöðu fagsins á hverjum tíma. Arturo Escobar er meðal þeirra sem gagnrýnt hefur mannfræðinga sem starfa við rannsóknir innan þróunarmála fyrir að taka ekki tillit til fræðilegra breytinga sem eiga sér stað innan fagsins, en viðvarandi aðstæður og staða fræðanna hefur mikil áhrif á viðfangsefni og mannfræðilegar rannsóknir. Þegar uppgangur frjálsra

félagasamtaka var hvað mestur á tíunda áratugnum stóðu fræðin á krossgötum, og voru búin að vera það síðan á níunda áratugnum. Póstmódernískar áherslur voru áberandi innan fræðanna en þrátt fyrir það voru ekki allir fræðimenn fylgjandi þeim kenningarstraumum og var mannfræðin tvístruð (sjá umræðu í Gardner og Lewis 1996: 24 um hugmyndir Arturo Escobar; McGee og Warms 2008: 536).

Mannfræðingar beindu athygli sinni í auknum mæli að öðrum þáttum og fóru í aðrar áttir en þeir áður höfðu gert. Margir færðust frá því að skoða framandi og ókunnug samfélag til þess að skoða sinn eigin heim og umhverfi, en þó frá mannfræðilegu sjónarhorni. Enn aðrir færðu sig frá hinu hefðbundna etnógrafíska formi og fóru að skoða, greina niður eða skrifa mismunandi form af texta. Mannfræðin sem fræðigrein stóð á krossgötum og voru fræðimenn ráðvilltir um hvert að snúa sér og að hverju þeir ættu að beina sjónum sínum. Mannfræðingurinn Paul Rabinow (1986: 259) segir að mannfræðingar ættu í því sambandi að einbeita sér frekar að þeim sem hafa valdið í samfélaginu, í stað þess að skoða jaðarhópa og þá valdalaus. Mannfræðin hefur lengi vel skoðað afmarkaða menningarhópa, sem lifa á jaðri samfélagsins og gleymt að beina sjónum sínum að stærri og viðfangsmeiri kerfum, líkt og ríkinu og samtökum þriðja geirans (ibid; Gardner og Lewis 1996: 2).

Innan fræðiheimsins hefur almennt mikið verið skrifað um þriðja geirann, og þá sérstaklega á tíunda áratugnum. Fjölgun frjálsra félagasamtaka var mikil og urðu þau umfangs- og áhrifameiri innan alþjóðasamfélagsins og skoðuðu fræðimenn þessa breytingu nánar. Mannfræðingar voru þar þó undanskyldnir og taka Leve og Karim (2001: 55) undir með Lewis (1999) og furða sig á því hversu fáar mannfræðilegar rannsóknir hafa verið gerðar á samtökum þriðja geirans. Þau nefna nokkrar ástæður fyrir þessum skorti og telja þær liggja í grunnstoðum fræðanna. Mannfræðilegar rannsóknir taka yfirleitt lengri tíma en aðrar fræðilegar rannsóknir. Einnig hafa áherslur og kenningastraumar mannfræðinnar breyst á þeim tíma sem fræðiheimurinn í heild sinni fékk aukinn áhuga fyrir rannsóknum á frjálsum félagasamtökum. Um miðjan níunda áratuginn fór mannfræðin frá því að skoða áhrif þróunar (e. development) yfir í að skoða þá orðræðu og valdatengsl sem mynduðu þróunarheiminn og þróunarsamvinnu. Í því ljósi leit mannfræðin ekki eingöngu á frjáls félagasamtök sem þjónustuaðila, heldur sem framleiðendur félagslegrar merkingar þar sem mismunandi hópar geta sinnt sameiginlegum málefnum. Þó eru mannfræðingar í dag í auknum mæli að skoða frjáls félagasamtök og virkni þeirra í samfélaginu (Leve og Karim 2001: 55).



### 3.2. Mikilvægi mannfræðilegs sjónarhorns

Mannfræðingurinn David Lewis er einn af þeim fáu innan fræðanna semmikið hefur rannsakað samtök þriðja geirans og finnst mannfræðingar og sérstakar nálganir þeirra mikið getað hjálpað til við rannsóknir á þriðja geiranum. Í grein sinni *Revealing, Widening, Deepening?: A Review of the Existing and Potential Contribution of Anthropological Approaches to 'Third Sector' Research* (1999) fjallar hann um og lofar mögulegu mannfræðilegu framlagi og bendir á kosti mannfræðinnar í því sambandi. Hann heldur því fram að auknar mannfræðilegar rannsóknir á þriðja geiranum gætu gagnast mannfræðinni sem fræðigrein, þar sem hún hefur oft verið gagnrýnd fyrir að vera úr takt við nútímann (ibid: 73).

Þriðji geirinn fer ört vaxandi og hefur leikið mikilvægt hlutverk í þjóðarskipulagi heimsins allt frá seinnihluta tuttugustu aldarinnar og sérstaklega þegar að kemur þróunarmálum, þróunaraðstoð og umræðum um hnattvæðingu. Frjáls félagasamtök snerta líf nær hvers einasta jarðarbúa á einhvern hátt og eiga því aukna athygli skilið, sérstaklega frá mannfræðingum. Nýlegar rannsóknir þeirra á sviði stefnumótunar, þróunar og ríkinu snerta mjög á mögulegum rannsóknum þeirra á þriðja geiranum (ibid: 73).

Lewis (1999) nefnir þrjá kosti mannfræðinnar við rannsóknir á þriðja geiranum í áðurnefndri grein sinni og nefnir hann þá *afhjúpun* (e. revealing), *útvíkkun* (e. widening) og *dýpkun* (e. deepening). Mannfræðilegt framlag getur þá hjálpað til við að *afhjúpa* þá þætti þriðja geirans sem eins og er hljóta ekki mikla eftirtekt innan fræðiheimsins. Líkt og Markowitz (2001) leggur áherslu á getur það hlutverk sem etnógrafískar rannsóknir gegna komið sér vel við nánari skoðun á samtökum þriðja geirans, enda er sú heildræna sýn sem mannfræðin leggur ávallt áherslu á einn mikilvægasti kostur mögulegs framlags fræðanna. Mannfræðin kemur sér vel þegar takmarkið er að greina, skoða og bera saman þriðja geirann við aðrar hliðar þjóðfélagsins og eiga etnógrafískar aðferðir þess vegna vel við rannsóknir á tenglum þeirra við samfélagið.

Með *útvíkkun* á Lewis (1999) við það framlag sem mannfræðin getur veitt við að víkka út þau óvestrænu sjónarhorn sem til eru um samtök þriðja geirans. Fólk á það til að taka sínum eigin menningarlegum venjum og siðum sem gefnum og horfa þannig á aðra menningarhópa út frá sínum eigin normum. Mannfræðin vill sporna gegn þessu, víkka út viðvarandi sjónarhorn og fá fólk til þess að sjá hlutina í stærra samhengi. Lewis vekur athygli á því að of mikil áhersla hefur verið lögð á skoðun á frjálsum

félagasamtökum meðal ríkjandi menningarhópa og þá á kostnað staðbundna félagasamtaka sem einblína á málefni jaðar- og minnihlutahópa. Þessi yfirsjón og einfaldlega vanræksla fræðiheimsins vekur þá hugsun hvort hugtakið þriðji geirinn hafi einungis merkingu innan ákveðinna menningarheima, meðal ríkjandi menningarstauma.

Mannfræðin gæti hjálpað til við að víkka út rannsóknir innan þriðja geirans og aukið skilning milli mismunandi menningarlegra sjónarhorna. *Dýpkun* á við fjölbreytileg og gagnrýnin sjónarhorn sem mannfræðilegar rannsóknir geta náð fram. Með því að aðgreina mismunandi þætti samtaka þriðja geirans er mögulegt að ná fram betri skilningi á virkni þeirra og samhengi. Mannfræðileg innsýn getur hrundið af stað vitundarvakningu um virkni frjálsra félagasamtaka og stefnumótun þeirra (Lewis 1999: 75-81).

Líkt og Fisher (1997: 441) segir þá geta mannfræðilegar rannsóknir á þeim hnattrænu og staðbundnu breytingum sem orðið hafa síðastliðna áratugi á eðli félagshreyfinga veitt okkar nýjan og dýpri skilning á þeim tengslum sem ríkja á milli ríkisins, borgarasamfélagsins og frjálsra félagasamtaka. Í því sambandi gætu mannfræðilegar rannsóknir sömuleiðis ögrað viðgangandi hugmyndum um stjórn (e. governance) og valdbeitingu í samfélaginu. Þá gætu hún fengið fólk til þess að hugsa hvernig hún fer fram og á hvaða hátt bæði ríkið og samtök þriðja geirans beita stjórnlist til þess að ná fram völdum og skapa valdatengsl sín á milli til þess að hafa taumhald á borgarastéttinni (ibid). Hún getur ögrað viðvarandi orðræðu samfélagsins (Gardner og Lewis 2006: 24).

## **Lokaorð**

Frjáls félagasamtök eru áhrifamiklir félagslegir gerendur innan alþjóðasamfélagsins. Umfang þeirra hefur aukist mikið síðastliðna áratugi og sinna þau margvíslegum samfélagslegum málefnum sem ríkið veitir takmarkaða athygli (Fisher 1997). Þeim er umhugað um fjölbreytileg málefni og er tilgangur þeirra og hugsjónir mjög mismunandi innbyrðis (Lewis 2007). Samtök þriðja geirans hafa lengi verið til staðar í þjóðfélaginu en það var ekki fyrr en á seinni hluta tuttugustu aldar sem þau voru skilgreind nánar á sviði stefnumótunar (ibid: 67). Þá var aukin þörf á nánari skilgreiningu á frjálsum félagasamtökum og þriðja geiranum þar sem eðli ríkisins var að breytast hratt. Þjóðarskipulagið breyttist, aukin áhersla var lögð á kapitalisma og nýfrjálshyggjulega

hugmyndafræði á kostnað velferðakerfisins og þjóðríkið stóð ekki undir þeirri aukinni ábyrgð sem lögð var á herðar þess (Edelman og Haugerud 2005: 27; Fisher 1997; Murphy 2000). Þá var þriðji geirinn skilgreindur nánar til aðgreiningar frá fyrsta, eða opinbera, geiranum og öðrum geiranum, eða einkageiranum (Steinunn Hrafnisdóttir 2006: 46-47).

Hlutverk og ítök frjálsra félagasamtaka eru orðin veigameiri í samfélagi samtímans en þau hafa nokkurn tímann verið. Hnattvæðing og aukið flæði fjármagns, hluta og hugmynda um heiminn hefur gert mörk þjóðríkisins óskýrari. Samtök þriðja geirans virka víða eins og framlenging af þeim stuðningi sem ríkið og opinber stjórnvöld veita hinum almenna borgara. Litið er á borgarasamfélagið sem vettvang borgaralegrar samstöðu, þar sem ábyrgir borgarar koma saman og stuðla að almennri velferð. Frjáls félagasamtök, þriðji geirinn og félagshreyfingar eru allt hluti af borgarasamfélaginu og vinna að margvíslegum málefnum innan þess (Bratton 1994: 2; Ahmed og Potter 2005: 37). Salamon telur að borgarasamfélagið gegni sífellt veigameira hlutverki en áður og samstarf þess við fyrsta og annan geirann verði sífellt nánara (Salamon 1994: 114). Marxistinn Antonio Gramsci sá borgarasamfélagið sem vettvang mótstöðu, þar kom fólk saman til þess að andmæla ríkjandi valdhöfum (Lewis 2007: 54, 59).

Rekja má uppgang samtaka þriðja geirans til ýmissa samfélagslegra breytinga. Ég tel sögu og almennt ástand viðkomandi svæðis eiga mjög mikilvægan þátt í því að skilja tilgang og hugsjón frjálsra félagasamtaka og tengsl þeirra við ríkið. Hnattvæðing, kapítalismi og nýfrjálshyggjulegar hugmyndir hafa sömuleiðis sett sinn svip á framgöngu frjálsra félagasamtaka innan alþjóðasamfélagsins, en síðastliðin tuttugu ár hefur þeim fjölgað gífurlega (Lewis 2007; Steinunn Hrafnisdóttir 2006). Breyttar samfélagslegar aðstæður og áherslur í stjórnarháttum, sem og framgangur kapítalismans á heimsvísu hefur ýtt undir stofnun og aukna á frjálsum félagasamtökum. Þau eru talin hafa ýmsa kosti fram yfir þjóðríkið sem sýnir sig í auknum sveigjanleika þeirra við meðhöndlun ýmissa málefna, hæfni þeirra til að ná til fólksins og hvetja almenning til samfélagslegrar þátttöku (Gardner og Lewis 1996: 107-108).

Hugmyndir manna um þróunarsamvinnu og þróunaraðstoð breyttust á seinni hluta tuttugustu aldar. Samfélagsleg aðgerðastefna jókst mikið og uppgangur ýmis konar félagshreyfinga var áberandi. Seinni heimsstyrjöldin breytti sömuleiðis heimsmynd margra og í kjölfar stríða spruttu víðast hvar upp frjáls félagasamtök til þess að anna ýmis konar félagslegri þjónustu (Lewis 2007). Orðræðan í samfélaginu breyttist í kjölfar

ræðu Harry Truman fyrrverandi forseta Bandaríkjanna árið 1949, en hann kom fyrstur manna með hugtakið *vanþróun* og varð það fljótt hluti af ríkjandi orðræðu í heiminum. Þar fjallaði hann um mikilvægi þróunaraðstoðar og hét því að Bandaríkin mundu leiða aðrar þjóðir heims í því að leysa vandamál þriðja heimsins og auka þar efnahagslegan vöxt (Escobar 1995: 3-4; Gardner og Lewis 1996: 6).

Mannfræðingurinn Arturo Escobar hefur mikið fjallað um tilkomu hugmynda manna um þróun og vanþróun. Hann segir þær vera vestrænar hugmyndir byggðar á valdatengslum og notuð sem stjórnartól yfir suðrinu (Escobar 1995). Þróunarhugtakið hefur sætt mikilli gagnrýni síðastliðna áratugi og segja margir hugtökin aðeins vera hugarburður alþjóðasamfélagsins um línulega þróun samfélaga. Hugtakið hefur tapað þýðingu sinni og segja má að það sé dautt (Gardner og Lewis 1996: 1).

Mannfræðilegt framlag til rannsókna á þriðja geiranum er ekki mikið. Mannfræðingar hafa þó oft unnið náð með og að málefnum frjálsra félagasamtaka og rannsakað áhrif þeirra á ákveðna hópa. Þó hafa ekki margir einbeitt sér að starfsemi, tilgangi, uppbyggingu og samhengi samtakanna sjálfra, sem vekur furðu þar sem þeir starfa oft í nánú samstarfi með þeim. Mögulegt mannfræðilegt framlag gæti hjálpað til við að móta þriðja geirann enn meira og mótað starfsemi hans enn betur (Fisher 1997: 441; Lewis 1999; Markowitz 2001: 40). Heildræn sýn mannfræðinnar kæmi þar að góðum notum, sem og kenningarlegar nálganir og aðferðafræði hennar. Með því að leggja fram etnógrafísk gögn um frjáls félagasamtök og stað- og hnattbundið samhengi starfsemi þeirra væri hægt að glæða fræðilegar rannsóknir á þriðja geiranum nýju lífi (Lewis 2007: 122).

Seint verður gert lítið úr mikilvægi þriðja geirans. Honum er umhugað um ýmis málefni og veitir þjónustu sem ríkið getur ekki veitt. Þörf er á að skilgreina frjáls félagasamtök enn frekar og mótun stefnu þeirra og hlutverk innan alþjóðasamfélagsins svo tilgangur þeirra og starfsemi nýtist sem best. Sömuleiðis er þörf á róttækra vitundarvakningar í samfélaginu um málefni og tilgang þriðja geirans (Salamon og Anheier 1999: 38). Þar sem eðli þjóðríkisins, sem og þjóðfélagsins í heild sinni, hefur breyst hratt síðastliðna áratugi nær það ekki að sinna málefnum þegna sinni nægilega vel. Þar kemur þriðji geirinn til málanna og með hjálp aukinni mannfræðilegra rannsókna og innsýnar gæti framlag frjálsra félagasamtaka til alþjóðaskipulagsins orðið enn meira en það er í dag.

## Heimildaskrá

- Ahmed, S. og Potter, D. M. (2006). *NGOs in International Politics*. Bloomfield: Kumarian Press, Inc.
- Barnard, A. (2000). *History and Theory in Anthropology*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Barringer, T. (1998). The South Kensington Museum and the Colonial Project. Í T. Barringer og T. Flynn (ritstj.), *Colonialism and the Object* (bls. 11-27). London: Routledge.
- Bratton, M. (1994). Civil Society and Political Transition in Africa. *IDR Reports 11*(6): 1-21.
- Chazan, N. (1992). Africa's Democratic Challenge. *World Policy Journal 9*(2): 279-307.
- Claessen, H. J. M. (1996). Evolution and Evolutionism. Í A. Barnard og J. Spencer (ritstj.), *Encyclopedia of Social and Cultural Anthropology* (bls. 213-217). London: Routledge.
- Clarke, G. (1998). Non-Governmental Organizations (NGOs) and Politics in the Developing World. *Political Studies 46*(5): 36-52.
- Crocker, L. G. (1990). Enlightenment. Í *The Encyclopedia Americana* (Vol. 10, bls. 468-471). New York: Grolier.
- Della Porta, D. og Diani, M. (2006). *Social Movements: An Introduction*. Malden: Blackwell Publishing.
- Durrenberger, E. P. og Erem. S. (2007). *Anthropology Unbound: A Field Guide to the 21st Century*. Boulder: Paradigm Publishers.
- Edelham, M. og Haugerud, A. (2005). *The Anthropology of Development and Globalization: From Classical Political Economy to Contemporary Neoliberalism*. Oxford: Blackwell
- Emerson, R. (1968). Colonialism. Í *International Encyclopedia of the Social Sciences* (Vol. 3, bls. 1-12). New York: The Macmillan Company & The Free Press.
- Escobar, A. (1995). *Encountering Development: The Making and Unmaking of the Third World*. Princeton: Princeton University Press.
- Fisher, M. (2009). *Capitalism Realism: Is There no Alternative?*. Hampshire: O Books.

- Fisher, W. F. (1997). Doing Good? The Politics and Antipolitics of NGO Practices. *Annual Review of Anthropology* 26: 439-46.
- Freeman, M. (2002). *Human Rights*. Cambridge: Polity Press.
- Gardner, K. og Lewis, D. (1996). *Anthropology, Development and the Post-modern Challenge*. London: Pluto Press.
- Gill, L. (2000). *Teetering on the Rim: Global Restructuring, Daily Life, and the Armed Retreat of the Bolivian State*. New York: Colombia University Press.
- Graeber, D. (2001) Current Directions in Exchange Theory. Í *Toward an Anthropological Theory of Value: The False Coin of our Dreams*. New York: Palgrave.
- Gramsci, A. (1975). *Prison Notebooks, Volume I*. New York: Colombia University Press.
- Haraldur Ólafsson (1998). *Maður og Menning: Hugmyndasaga og Kenningar Mannfræðinnar*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Hoover, C. B. (1968). Capitalism. Í *International Encyclopedia of the Social Sciences* (Vol. 2, bls. 294-301). New York: The Macmillan Company & The Free Press.
- International Committee of the Red Cross. (2010, október). *History of the IDRC*. Sótt 4. apríl 2011 af <http://www.icrc.org/eng/who-we-are/history/overview-section-history-icrc.htm>.
- Jón Ormur Halldórsson (1992). *Þróun og Þróunaraðstoð*. Reykjavík: Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands.
- Kristín Loftsdóttir og Helga Björnsdóttir (2008). Í Nafni Mannúðar og Menningar: Vald, Kyn og Atbeini í Íslenskri Þróunarhjálp. Í Valur Ingimundarson (ritstj.), *Uppbrot Hugmyndakerfis: Endurmótun Íslenskrar Utanríkisstefnu 1991-2007*. Reykjavík: Hið Íslenska Bókmenntafélag.
- Kristín Loftsdóttir (2008). Þróunarland verður til: Tilkoma Hugmyndarinnar um Þróunarlönd á Íslandi. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir í Félagsvísindum IX*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Larrain, J. (1989). *Theories of Development: Capitalism, Colonialism and Dependency*. Cambridge: Polity Press.
- Leonard, M. (2002). Diplomacy by Other Means. *Foreign Policy* 132: 48-56.

- Leve, L. og Karim, L. (2001). Introduction Privatizing the State: Ethnography of Development, Transnational Capital, and NGOs. *PoLAR* 24(1): 53-58.
- Lewis, D. (1999). Revealing, Widening, deepening?: A Review of the Existing and Potential Contribution of Anthropological Approaches to 'Third Sector' Research. *Human Organization* 58(1): 73-81.
- Lewis, D. (2007). *The Management of Non-Governmental Development Organizations*. London: Routledge.
- Lyon-Callo, V. og Hyatt, S. B. (2003). The Neoliberal State and the Depoliticization of Poverty: Activist Anthropology and "Ethnography from Below". *Urban Anthropology*, 32(2):175-204.
- Markowitz, L. (2001). Finding the Field: Notes on the Ethnography of NGOs. *Human Organization* 60(1): 40-46.
- Marx, K. (1847). *Poverty of Philosophy*. Moskva: Foreign Languages Publishing House.
- McGee, R. J. og Warms R. L. (2008). *Anthropological Theory: An Introduction to History*. Boston: McGraw-Hill.
- Murphy, B. K. (2000). International NGOs and the Challenge of Modernity. *Development in Practice* 10(3 & 4): 330-347.
- Peterson, K. (2001). Benefit Sharing for All?: Bioprospecting NGOs, Intellectual Property Rights, New Governmentalities. *PoLAR* 24(1): 78-91.
- Prakash, A. (2002). Beyond Seattle: Globalization, the Nonmarket Environment and Corporate Strategy. *Review of International Political Economy* 9(3): 513-537.
- Prawer, J. og Eisenstadt, S. N. (1968). Feudalism. Í *International Eyclopedia of the Social Sciences* (Vol. 5, bls. 393-402). New York: The Macmillan Company & The Free Press.
- Rabinow, P. (1986). Representations Are Social Facts: Modernity and Post-Modernity in Anthropology. Í J. Clifford og G. E. Marcus (ritstj.), *Writing Culture: The Poetics and Politics of Ethnography* (bls. 234-261). Berkeley: University of California Press.
- Rist, G. (1997). *The History of Development: From Western Origins to Global Faith*. London: Zed Books.

- Rudasill, L. (2006). *The Warning Voice - NGOs and Information*. Í S. W. Witt (ritstj.), *Changing Roles of NGOs in the Creation, Storage, and Dissemination of Information in Developing Countries* (bls. 12-13). München: K. G. Saur.
- Salamon, L. M. (1994). The Rise of the Nonprofit Sector. *Foreign Affairs* 73(4): 109-122.
- Salamon, L. M., Anheier, H. K., List, R., Toepler, S., Sokolowski, S. W. og fleiri (1999). *Global Civil Society: Dimensions of the Nonprofit Sector*. Baltimore: The John Hopkins Center for Civil Society Studies.
- Schuller, M. (2007). Gluing Globalization: NGOs as Intermediaries in Haiti. *PoLAR* 32(1): 84-104.
- Sharma, A. og Gupta, A. (2006). *The Anthropology of the State: A Reader*. Malden: Blackwell Publishing.
- Shore, C. og Wright, S. (1997). *Anthropology of Policy: Critical Perspectives on Governance and Power*. London: Routledge.
- Smillie, I. og Helmich, H. (1999). *Stakeholders: Government-NGO Partnerships for International Development*. London: Earthscan Publications.
- Smith, A. (1776). *Inquiry Into the Nature and Causes of The Wealth of Nations*. New York: Cosimo.
- Steinunn Hrafnisdóttir (2006). Sjálfböðastörf á Íslandi: Þróun og Rannsóknir. *Tímarit Félagsráðgjafa 1*: 45-56.
- Stieglitz, J. (2006). *Making Globalization Work*. London: Penguin Books.
- Wallerstein, I. (1974). *The Modern World-System: Capitalist Agriculture and the Origins of the European World-Economy in the Sixteenth Century*. New York: Academic Press.
- Wilk, R. R. og Cliggett L. C. (2007). *Economies and Cultures: Foundations of Economic Anthropology*. Boulder: Westview Press.
- Vakil, A. C. (1997). Confronting the Classification Problem: Toward a Taxonomy of NGOs. *World Development* 25(12): 2057-2070.
- Zizek, S. (2009). *First as Tragedy, Then as Farce*. London: Verso.